



08

LITÐ  
TIL FRAMTÍÐAR

12

RÉTTINDI PÍN  
Í DESEMBERMÁNUÐI

16

BREYTINGAR Á  
ÚTHLUTUNARREGLUM

22

VEISTU HVAÐ  
VR GERIR FYRIR ÞIG?



06

## KJARAMÁL

**04**

Fréttir

**06**

Virðing um jólin

**12**

Réttindi þín í desember

**14**

Fjölmennt þing LÍV kallar eftir nýjum vinnubrögðum

**15**

Úr dómsalnum

## FÉLAGSMÁL

**03**

Leiðari

**16**

Breytingar á reglum um útleigu orlofshúsa VR

**18**

Hvað er Jafnlaunavottun VR?

**19**

Enn bætist í hóp vottaðra fyrirtækja

**20**

Hvað hefur VR gert í jafnréttismálum?

**22**

Hvað gerir VR fyrir þig?

**25**

Starfsmenntastyrkur, hvað er það?

**26**

VR – Skóli lífsins í framhaldsskólum

**29**

Gagnkvæmur ávinningur

**30**

Áhugaverðir hádegisfyrirlestrar VR

**32**

Aflsláttur fyrir félagsmenn VR

**35**

Trúnaðarráð VR



14



19



25

VR blaðið

05 2015



08 LITJÓ TIL FRAMTÍÐAR 12 RÉTTINDI ÞÍN Í DESEMBERMÁNUÐI 16 BRÖGTINGAR Á ÚTLUTUNARREGNUM 22 VESTU MIÐIÐ VR GERIR FYRR ÞIG?

### Forsíðumynd

Helga Arnardóttir - Fjarðarkaup

Ljósmynd: Guðmundur Þór Káráson

### VR blaðið

5. tbl. 37. árgangur desember 2015

Húsi verslunarinnar

Kringlunni 7

103 Reykjavík

Sími 510 1700

vr@vr.is

www.vr.is

### Ábyrgðarmaður

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

### Ritstjóri

Unnur Guðríður Indriðadóttir

### Ritstjórn

Árni Leósson

Elías Magnússon

Ólafía B. Rafnsdóttir

Steinunn Böðvarsdóttir

Unnur Guðríður Indriðadóttir

### Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

### Ljósmyndir

Birgir Ísleifur, Guðmundur Þór

og Árdís Birgisdóttir

### Prentun

Oddi

### Upplag

27.000

### Stjórn VR

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður

Benóný Valur Jakobsson ritari

Birgir Már Guðmundsson

Dóra Magnúsdóttir

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Páll Örn Lindal

Ragnar Þór Ingólfsson

Rannveig Sigurðardóttir

Sigurður Sigfússon

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

### Varamenn

Ólafur Reimar Gunnarsson

Óskar Guðmundsson

Sigmundur Halldórsson

## GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

Í hugum margra er nú runninn upp skemmtilegasti tími ársins. En þetta er einnig mikill annatími fyrir verslunarfólk og álag á það mikið. Í þessu blaði bendum við á mikilvægi þess að huga að velferð verslunarfólks á þessum árstíma og tryggja réttindi þeirra. En það er ekki síður mikilvægt að við horfum í eigin barm og sýnum störfum hvers annars virðingu. Það viljum við líka minna á nú þegar jóla-verslunin stendur sem hæst. Þriðja árið í röð höfum við því útbúið skemmtileg barmmerki fyrir starfsmenn verslana þar sem við hvetjum alla til þess að brosa og vera kurteis – einfaldlega að vera í jólaskapi.



» Stéttarfélagssbaráttan er ekki keppni í því hver fær mest. Hún snýst um réttlæti, sanngirni og virðingu. Við verðum hins vegar að gæta að því hvernig við förum fram. «

**ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR**  
FORMAÐUR VR


### SAMKOMULAG UM FRAMTÍÐARSÝN

Í lok október skrifuðu helstu aðilar á vinnumarkaði undir samkomulag sem vonir standa til að varði leiðina að nýju vinnumarkaðslíkani á Íslandi. Markmiðið er að tryggja varanlega aukningu kaupmáttar, sem er það sem gerð kjarasamninga snýst alltaf um. Hinum Norðurlöndunum hefur tekist betur en okkur að tryggja kaupmáttaraukningu og á sama tíma viðhaldið stöðugleika. Við hljótum því að líta til þess hvernig þeir hafa staðið að gerð kjarasamninga og hvernig þeir ná fram sátt á vinnumarkaði.

Stéttarfélagssbaráttan er ekki keppni í því hver fær mest. Hún snýst um réttlæti, sanngirni og virðingu. Við verðum hins vegar að gæta að því hvernig við förum fram. Þessa daga og vikur er unnið að endurskoðun á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru í lok maí sl. Forsendur samninganna voru m.a. að launastefnan yrði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamningagerð á vinnumarkaði. Frá því í maí hefur því miður margt gerst í launapróun annarra hópa á vinnumarkaði sem gerir það að verkum að þessar forsendur eru brostnar. Sú hætta er fyrir hendi að kjarasamningum verði sagt upp í febrúar náist ekki samkomulag um næstu skref.

### TRYGGINGAGJALDIÐ VERÐI LÆKKAÐ

Að þessu verkefni verða hins vegar allir að koma. Ég hef áður sagt að það þurfi þrjá til að ná sátt á vinnumarkaði og vil ég nota tækifærið og hvetja stjórnvöld til að leggja sitt af mörkum. Umræða um tryggingagjaldið hefur verið hávær síðustu misseri og gerir atvinnulífið þá kröfu að það verði lækkað. Tryggingagjaldið var hækkað í kjölfar hrunsins til að bregðast við auknu atvinnuleysi. Sú staða er nú breytt og tímabært að draga hækkunina til baka. Langflestir taka undir réttmæti þessarar kröfu en það virðist ekki skila sér þegar kemur að ákvörðunum stjórnvalda. Það er ljóst að verði tryggingagjaldið ekki lækkað getur það gert að engu samningaumleitani okkar. Slíkt myndi kosta atvinnulífið og launafólk í landinu allt of mikið.

Ég óska félagsmönnum VR og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakka samstarfið á því ári sem nú er að líða. 

*Ólafía B. Rafnsdóttir,*  
formaður VR





## ÖLDUNGARÁÐ VR – ERTU MEÐ GÓÐA HUGMYND?

Nú er unnið að því að setja á laggirnar svokallaða Öldungaráð VR, sem er vinnuheiti hóps sem er að móta hugmyndir fyrir félagsmenn VR 60 ára og eldri. Þau sem eru í hópnum langar að vita hvort þú eigir góða hugmynd um hvað hægt er að gera fyrir félagsmenn VR sem eru á seinni hluta starfsævinnar eða hættir að vinna.

Ef þú lumar á hugmynd skaltu senda okkur línu á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is).



## VERK FALLI AFLÝST Í STRAUMSVÍK

Boðuðu verkfalli starfsmanna álvers Rio Tinto í Straumsvík var aflýst skömmu áður en það átti að hefjast þann 2. desember sl. Allsherjaratkvæðagreiðsla um verkfallsaðgerðir var haldin í nóvember. Félagsmenn VR sem starfa í álverinu felldu verkfallsaðgerðir en þær voru hins vegar samþykktar með miklum meirihluta atkvæða hjá öðrum stéttarfélagum starfsmanna. Starfsmenn hafa verið samningslausir frá áramótum 2014/2015.



## MUNDU!

**7. JANÚAR 2016 KL. 19.00**  
**VERÐUR OPNAÐ**  
**FYRIR BÓKANIR**  
**ORLOFSHÚSA Í SUMAR**  
**(27. MAÍ - 2. SEPTEMBER).**

**ÞANN 8. JANÚAR KL. 14.00**  
**VERÐUR OPNAÐ**  
**Á BÓKANIR**  
**FYRIR ÞÁ SEM**  
**LEIGÐU ORLOFSHÚS**  
**SUMRIN 2013, 2014 EÐA 2015.**

## VR STYRKIR RAUÐA KROSS ÍSLANDS OG HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

Eins og undanfarin ár styrkir VR starf hjálparsamtaka um jólin. Í ár var ákveðið að styrkja Hjálparstarf kirkjunnar um 1,7 milljónir króna og Rauða kross Íslands um 1,7 milljónir króna og auk þess deildir Rauða kross Íslands á Akranesi, Austurlandi og í Vestmannaeyjum um kr. 200.000 hver.

Með þessum styrkjum vill félagið leggja lóð sín á vogarskálarnar og létta undir með þeim sem eiga um sárt að binda um jólin og þurfa helst á stuðningi að halda.

**Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.**



## HÓTELGISTING

Félagsmönnum VR utan höfuðborgarsvæðisins býðst áfram gisting á Icelandair Hotel Reykjavík Natura. Hér er einkum um að ræða úrræði fyrir þá sem þurfa að koma til Reykjavíkur og leita sér lækninga, fara í rannsóknir o.þ.h. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir hjá þeim sem þegar hafa nýtt sér þessa þjónustu.

Herbergið er pantað í gegnum Mínar síður á vef VR, [vr.is](http://www.vr.is). Ef vika eða styttra er í áætlaðan dag þarf pöntunin að fara í gegnum skrifstofu VR í síma 510 1700.

Lykill er afhentur í afgreiðslu Reykjavík Natura gegn framvisun samnings frá VR. Skila þarf herberginu kl. 12.00 á hádegi á brottfarardegi. Gisting er í standard-herbergi fyrir tvo. Matur, þ.e. morgunverður og hádegis- og kvöldverður, er með 10% afslætti sé hann pantaður við innritun á hótelið og greitt sérstaklega fyrir hann í afgreiðslu hótelsins.

Dæmi um þjónustu sem er í boði; frí bílastæði, fríar bíósýningar, kvöldsögur og kakó á fimmtudögum.

### NÁGRENNIÐ

Nafn hótelsins er innblásið af náttúruvegurð umhverfisins. Þar er að finna frábærar göngu- og hjólaleiðir. Ylströndin í Nauthólsvík er ekki langt frá og aðeins um 20 mínútna gangur í miðbæ Reykjavíkur frá hótelinu.

## NÝIR OG ENDURKJÖRNIR TRÚNAÐARMENN VR

Anna Þórðardóttir Bachmann – Hreint ehf.

Barbara Ann Howard – Hreyfill svf.

Brá Guðmundsdóttir – Sólar ehf.

Elísabet M. Nickel Stefánsdóttir – Iceland Excursions Allrahanda ehf.

Guðrún Gestsdóttir – Penninn/Eymundsson

Guðrún Þórsdóttir – Guðmundur Jónasson ehf.

Hafdís Ársælsdóttir – Fjarskipti hf.

Halldóra M. Steinarsdóttir – Norvik hf.

Hanna Kristín Larsdóttir – Ísland-Verslun hf.

Harpa Sævarsdóttir – Íshestar ehf.

Helga Björk Pálsdóttir – Slysavarnafélagið Landsbjörg

Ingibjörg H. Hjartardóttir – Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Ingibjörg Kristín Barðadóttir – Norðurál ehf.

Ingibjörg Steina Frostadóttir – Te og kaffi hf.

Irpa Fönn Hlynsdóttir – Verslunin Útilíf

Íris Sigurðardóttir – Póstdreifing ehf.

Jón Ingi Kristjánsson – BL ehf.

Kristjana Ósk Birgisdóttir – Alþýðusamband Íslands

Margrét Birna Björnsdóttir – Aðalskoðun hf.

Margrét Elíasdóttir – Knattspyrnusamband Íslands

Oddný Assa Jóhannsdóttir – KPMG ehf.

Sindri Rey Smáráson – Fjarskipti hf.

Stefán Viðar Egiðsson – Tengi ehf.

Valva Árnadóttir – Penninn/Eymundsson

Viktoría Ösp Jóhannsdóttir – Dagsól ehf.

## NÁMSKEIÐ – TRÚNAÐARMAÐURINN

20. janúar 2016 kl. 9.00-16.00

**Leiðbeinandi:** Guðmundur Hilmarsson, starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu

Námskeiðið er tvískipt. Fyrir hádegi verður megináhersla lögð á störf trúnaðarmanna stéttarfélaga og rétt þeirra til trúnaðarmannsstarfa samkvæmt lögum og kjarasamningum. Farið verður í skyldur þeirra gagnvart félaginu, meðferð mála og hvert verksvið þeirra er. Eftir hádegi verður farið yfir lestur launaseðla og launaútreikninga. Megináhersla er lögð á að nemendur geti reiknað alla liði launagreiðslna sem og frádráttarliði svo sem staðgreiðslu skatta, iðgjöld o.fl. Boðið verður upp á léttan morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu.

Skráning er á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)




## VIRÐING UM JÓLIN!

Nú er þessi skemmtilegi en annasami tími runninn upp – jólaverslunin. VR hefur undanfarin ár lagt áherslu á að minna félagsmenn sína á réttindi þeirra á þessum árstíma og hvetja atvinnurekendur til að halda þau í heiðri.

Við viljum líka nota tækifærið og hvetja alla til að sýna virðingu, vera kurteis og jákvæð. Sérstaklega viljum við hvetja viðskiptavinum verslana og þjónustuaðila til að sýna starfsfólki skilning á þessum mikla álagstíma. Því miður berast of oft fréttir af því að viðskiptavinir sýni starfsmönnum ókurteisi. Þriðja árið í röð höfum við því látið útbúa sérstök barmmerki fyrir starfsfólk verslana þar sem við hvetjum alla til að sýna jákvæðni og hinn sanna anda jólanna – brosum og höfum gaman yfir hátíðarnar.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, afhenti fyrstu barmmerkin í Kringlunni í nóvember. Það var vel við hæfi að unga kynslóðin fengi fyrstu merkin, en á myndinni má sjá Ólafíu afhenda Heiðu Sóleyju Ingólfssdóttur, Ingu Hendriksen, Berglindi Marín Ólafsdóttur og Hákonni Þóri Sófussyni merki.

### VANTAR YKKUR MERKI?

Öll fyrirtæki, verslanir og þjónustuaðilar, geta óskað eftir merkjum fyrir starfsmenn sína með því að hafa samband í síma 510 1700 eða senda tölvupóst á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) og við sendum merkin um hæl, fyrirtækjum að kostnaðarlausu. **Virðum störf verslunarfólks!** 







## SAMEIGINLEG FRAMTÍÐARSÝN Á VINNUMARKAÐI

Í lok október 2015 var skrifað undir rammisamkomulag aðila vinnumarkaðarins sem miðar að breyttum vinnubrögðum við kjarasamningagerðina. Samkomulagið felur í sér sameiginlega framtíðarsýn launamanna og atvinnurekenda, segir formaður VR, sem bindur vonir við að það leiði til aukinnar samvinnu og friðar á vinnumarkaði.



Markmið samkomulagsins er að auka kaupmátt við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægra vaxtastigs. Stefnt er að því að koma á nýju vinnumarkaðslíkani hér á landi sem byggji á norrænum leiðum.

## NÝ OG BREYTT VINNUBRÖGÐ

### Hvaða þýðingu hefur þetta samkomulag fyrir félagsmenn VR?

„Enginn er eyland og á það líka við um stéttarfélög. Við getum ekki sest niður til samningaviðræðna við atvinnurekendur án þess að líta til heildarinnar og hagsmuna allra á vinnumarkaði,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR. „Samkomulagið sem undirritað var í lok október er afrakstur rúmlega tveggja ára vinnu Salek-hópsins svokallaða. Það kallar á ný og betri vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga til framtíðar. Við höfum lengi horft til þess hvernig hin norrænu löndin standa að kjarasamningagerðinni. Þeim hefur tekist að ná fram auknum kaupmætti en jafnframt viðhaldið stöðugleika og jafnræði á vinnumarkaði. Þangað stefnum við. Efnahagslegur óstöðugleiki og ósætti á vinnumarkaði hefur kostað íslenskt launafólk allt of mikið og löngu tímabært að við gröfum stríðsöxina og vinnum saman að því að ná sátt.“

Ólafía bendir á að grunnkrafa félagsins sé nú sem endranær aukinn kaupmáttur félagsmanna. Launahækkunar á Íslandi hafa verið mun meiri en í hinum Norðurlandaráttunum frá aldamótum, 6,3% að meðaltali á ári samanborið við 3,5%. „Það sem skiptir okkur hins vegar mestu máli er kaupmáttur launa okkar og hann hefur aukist helmingi minna á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum; frá árinu 2000 hefur kaupmáttur aukist um 0,8% á ári hér á landi að meðaltali á móti 1,7% í hinum Norðurlandaráttunum. Uppsafnað er þetta 14% á tímabilinu, og það munar um minna.“

## SAMEIGINLEG LAUNASTEFNA OG NÝTT VINNUMARKAÐSLÍKAN

Samkomulagið felur í sér þrjú meginatriði.

- **Í fyrsta lagi** er gert ráð fyrir stofnun Þjóðhagsráðs með aðkomu fulltrúa vinnumarkaðar og stjórnvalda, en hlutverk þess er að greina stöðuna í efnahagsmálum.
- **Í öðru lagi** gerir samkomulagið ráð fyrir sameiginlegri launastefnu opinbera og almenna vinnumarkaðarins til næstu þriggja ára. Þetta þýðir að starfsmönnum verður tryggt ákveðin launahækkun á tímabilinu frá nóvember 2013 til loka árs 2018. Til grundvallar hækkunum liggur kostnaðarvísitala sem er 100 í nóvember 2013 en á að vera að hámarki 132 í árslok 2018. Þetta þýðir að kostnaður vegna kjarasamninga má ekki hækka meira en sem nemur 32% á tímabilinu. Inni í þessari hækkun eru samningsbundnar launahækkunar, launaskrið og hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð, til jöfnunar við opinbera vinnumarkaðinn. Opinberum starfsmönnum verður tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinbera

markaðnum. Þetta tekur gildi að uppfylltum vissum skilyrðum, þ.á m. að aðilar hafi samið sig að launastefnunni og að fyrir liggji samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, en það hefur lengi verið baráttumál launamanna á almenna vinnumarkaðnum.

- **Í þriðja lagi** gera aðilar með sér samkomulag um að þróa nýtt samningalíkan fyrir kjarasamninga á Íslandi. Það byggir á stöðu samkeppnis- og útflutningsgreina, þ.e. að fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móti svigrúm til launahækkana. Kjarasamningar miði að því að auka kaupmátt á grundvelli stöðugs raungengis sem samrýmst viðskiptajöfnuði til lengri tíma.

## MEIRIHLUTI VINNUMARKAÐAR UNDIR

### Hvorki BHM né Kennarasambandið eru aðilar að þessu samkomulagi. Hvaða þýðingu hefur það?

„Salek-hópurinn hóf vinnu sína árið 2013 og voru bæði Bandalag háskólanna og Kennarasamband Íslands aðilar að þeirri vinnu,“ segir Ólafía. „Það veldur mér vonbrigðum að þau hafi ekki séð sér fært að ganga alla leið með okkur og skrifa undir. En samkomulagið nær engu að síður til meginþorra launafólks í stéttarfélögum á Íslandi, alls 70%. Samtök atvinnulífsins, sveitarfélög og ríki skuldbinda sig að auki til þess að framfylgja þessari launastefnu gagnvart þeim hópum sem standa utan samkomulagsins. Ég er þess fullviss að við munum sjá BHM og KÍ koma að borðinu, þótt síðar verði, og vinna með okkur að framtíðarskipan vinnumarkaðsmála á Íslandi. Hagsmunir alls launafólks eru í húfi.“

### Samkomulagið hefur sætt gagnrýni og það verið sagt skerða samningsrétt stéttarfélaganna.

„Samkomulagið skerðir ekki samningsrétt félaga. Það snýst um að skapa vettvang og svigrúm í afmarkaðan tíma fyrir aðila vinnumarkaðarins að móta nýtt samningalíkan. Að sjálfsögðu felst skuldbinding í því að undirrita samkomulag en án þeirrar samvinnu sem samkomulagið kveður á um höldum við áfram að hjakka í sömu hjólförum. Launastefna samkomulagsins segir til um hvert samningsaðilar telja svigrúmið vera, ekki hvernig því er ráðstafað. Ef við viljum fíkra okkur í átt að því sem gerist í nágrannaríkjunum verðum við að vera tilbúin að fylgja sömu reglum. Samkomulagið segir einfaldlega að byggja verði á getu samkeppnisgreinanna til launahækkana.“

## UNNIÐ AÐ ENDURSKOÐUN KJARASAMNINGA

### Hver verða næstu skref hvað varðar kjarasamning félagsins?

„Þetta rammasamkomulag er ekki kjarasamningur en það kveður hins vegar á um að allir sem að því standa njóti sambærilegra launahækkana á tilteknu tímabili,“ segir Ólafía. „Í forsendum kjarasamnings VR frá því í maí sl. segir að launastefna samningsins eigi að vera stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Með Salek-samkomulaginu skuldbinda




Samtök atvinnulífsins sig til þess að tryggja félagsmönnum VR, og öðrum á almenna vinnumarkaðnum, sambærilegar launahækkningar og kveðið var á um í gerðardómi í sumar. Næstu skref verða því að semja um breytingar á kjarasamningi félagsins, tryggja félagsmönnum VR þær launabreytingar sem opinberir starfsmenn hafa fengið og laga forsenduákvæðin að rammisamningnum. Því verðum við að ljúka í febrúar á næsta ári og leggja fyrir félagsmenn í atkvæðagreiðslu.“

Ólafía segir enn mörg ljón í veginum; þróunin síðustu misseri auðveldi ekki verkið og nefnir hún t.d. ákvörðun kjararáðs frá því síðla í nóvember. „Kjararáð ákvað að hækka laun þeirra embættismanna sem hafa hæstu launin um 9,3%, og það afturvirkir frá 1. mars. Við skulum hafa hugfast að samningar á almennum vinnumarkaði giltu frá 1. maí. Ég sé ekki hvaða rök eru fyrir því að viðmiðunartímabil embættismanna eigi að vera annað en VR hvað þetta varðar.“

### TRYGGINGAGJALDIÐ VERÐUR AÐ LÆKKA

Ólafía bendir á að aðkoma stjórnvalda nú sem endranær skipti miklu fyrir næstu skref. „Þetta samkomulag byggir einnig á því að stjórnvöld efni loforð sitt um mótvægisáðgerðir til að koma til móts við atvinnulífið. Það hefur komið skýrt fram hjá viðsemjendum okkar að forsenda fyrir samkomulaginu er að tryggingargjaldið lækki. Við tökum undir þá kröfu, það eru allar forsendur fyrir lækkun núna. Það er mikið í húfi og mikilvægt að koma í veg fyrir vinnudeilur í maí næstkomandi.“


Norræna leiðin sem nýtt samningalíkan á að byggja á felur í sér samstöðu, segir Ólafía. „Við verðum að ná saman um hlutverk kjarasamninga og hvaða leiðir við viljum fara til að ná fram réttlæti og sanngirni. Ég vona einlæglega að þessi vinna eigi eftir að skila okkur ávinningi í framtíðinni.“ 

## TRYGGINGAGJALDIÐ ER OF HÁTT

VIÐAR INGASON HAGFRÆÐINGUR VR

Tryggingagjald er gjald sem launagreiðendum ber að standa skil á til ríkisins og er það reiknað af heildarlaunum starfsmanna. Tryggingagjald skiptist í atvinnutryggingagjald sem er 1,35% og almennt tryggingagjald sem er 6,04%. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi skulu renna til Atvinnuleysis-tryggingasjóðs en greiðslur vegna atvinnuleysisbóta koma úr þeim sjóði. Á sama tíma og það gjald hefur lækkað úr 3,81% í 1,35% frá 2011 hefur almenna tryggingagjaldið hækkað úr 4,54% í 6,04%. Stærstur hluti almenna tryggingagjaldsins fer til Tryggingastofnunar skv. ríkisreikningi. Við atvinnutryggingagjaldið og almenna tryggingagjaldið bætast markaðsgjald og gjald í ábyrgðasjóð launa. Heildartryggingagjald í dag er 7,49%.

### TRYGGINGAGJALD OG ATVINNULEYSI




Eðlilegt er að tryggingagjaldið hækki ef atvinnuleysi eykst mikið og að sama skapi er eðlilegt að það lækki þegar atvinnuleysi minnkar. Atvinnuleysi skv. tölum Vinnuáætlunastofnunar fór hæst í 8,1% árið 2010. Í október í ár var það

komið niður í 2,6%. Árið 2009 jókst atvinnuleysi umtalsvert sem leiddi til þess að tryggingagjald var hækkað úr 5,34% í 7% (sjá mynd). Það veður nokkra furðu að eftir hrun, þegar sá hluti tryggingagjaldsins sem rennur til Atvinnuleisistryggingasjóðs lækkar, er almenna tryggingagjaldið hækkað og því lítil lækkun á heildar tryggingagjaldinu.

### TRYGGINGAGJALDIÐ STÆKKAR SEM TEKJUSTOFN RÍKISINS

Gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 2016 að tekjur af tryggingagjaldi verði um 80 milljarðar. Samkvæmt ríkisfjármálaáætlun 2016-2019 (vor-áætlun) verða tekjur 100 milljarðar 2019. Þessar tekjur eru farnar að skipta ríkissjóð meira máli en áður. Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs var hlutfallið að meðaltali um 8,8% fram að hruni. Eftir hrun hefur meðaltalið verið í kringum 12%. Sé tekið mið af frumvarpi til fjárlaga og ríkisfjármálaáætlun 2016-2019 mun hlutfallið haldast hátt og ná 13% 2019.

### LÆKKUN TRYGGINGAGJALDS NAUÐSYNLEG

Tryggingagjaldinu fylgir mikill kostnaður fyrir fyrirtæki en gróflega má áætla að fyrirtæki með 13 starfsmenn greiði í raun kostnað sem samsvarar 14. starfsmanninum. Horft til þess að atvinnuleysi hafi lækkað mikið frá hruni er nokkur innstæða fyrir lækkun tryggingagjalds. 

# ERTU Á BAKVAKT ?

Á undanförunum árum hafa fyrirtæki í sívaxandi mæli viljað bjóða upp á þjónustu utan hefðbundins afgreiðslutíma, án þess þó að fyrirtækin væru opin. Oft er um einhvers konar neyðarþjónustu að ræða fyrir sérstök tilvik, t.d. ef aðila vantar varahlut í vélasamstæðu eða að þjónusta getur fallið niður ef bilun kemur upp, t.d. í tölvukerfum.

Til að bregðast við þessu hafa komið til bakvaktir sem starfsmenn skipta með sér, gjarnan milli vikna. Starfsmenn vinna þá sína hefðbundnu vinnu og eru síðan á bakvakt með síma sem hægt er að hringja í hvenær sem er sólarhringsins, til að fá þjónustu. Bakvaktin hefst hjá starfsmanni þegar hefðbundnum vinnutíma dagsins lýkur og stendur fram til næsta morguns. Þannig líður vikan og síðan er helgin tekin með sama hætti, þ.e. starfsmaðurinn er á bakvakt alla helgina.

Þegar þessu fyrirkomulagi var fyrst komið á hafði það í för með sér óvissu varðandi greiðslur til starfsmannanna sem voru á bakvakt. Því var gert formlegt samkomulag milli samtaka launamanna og atvinnurekenda um að taka inn í kjarasamninga VR/LÍV og SA árið 2000 ákvæði sem tekur á greiðslum vegna vinnu af þessum toga.

Enn þann dag í dag fá sérfræðingar kjaramálasviðs VR talsvert af fyrirsögunum um bakvaktir og bakvaktamál og því er rétt að minna á ákvæðið í kjarasamningnum. Það hljómar svona;

*„Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem starfsmanni er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum. Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi:*

*Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi starfsmaður er bundinn heima fær hann greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2. verður ofangreint hlutfall 50%.*

*Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu starfsmanns en hann er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2. verður ofangreint hlutfall 25%.*



**ELÍAS G. MAGNÚSSON**  
FORSTÖÐUMAÐUR  
KJARAMÁLASVIÐS VR

*Fyrir útkall á bakvakt skal starfsmaður fá greitt fyrir unninn tíma, þó að lágmarki 4 klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því að hann kom til vinnu. Bakvaktargreiðslur og eftir-/yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.“*

Þarna er verið að skipta greiðslum fyrir bakvaktir í tvenns konar mismunandi álag. Þurfi starfsmaðurinn að sinna bakvaktarþjónustu strax og er bundinn því að vera kominn til vinnu innan mjög stutts tíma skal greiða 33% álag af dagvinnu fyrir það að sinna bakvaktinni. Sé hins vegar ekki krafist fyrirvaralausra viðbragða við hringingu í þjónustusíma og starfsmaðurinn getur komið til vinnu innan einhverra klukkutíma er heimilt að greiða lægra álag vegna bakvaktarinnar, eða 16% af dagvinnu.

## HÆKKAÐ ÁLAG Á FRÍDÖGUM OG STÓRHÁTÍÐARDÖGUM

Hér skal þess sérstaklega getið að þetta álag er einungis hugsað fyrir það að vera til staðar á bakvaktinni og þurfa að lúta þeirri bindingu sem bakvaktin hefur í för með sér. Þurfi starfsmenn síðan að sinna vinnu á bakvakt skal greiða fyrir það aukalega með útköllum.

Einnig eru sérstaklega tilgreindar greiðslur fyrir bakvaktir á frídögum og stórhátíðardögum, þar sem aðilar eru sammála um það að binding á slíkum dögum er meira íþyngjandi en á hefðbundnum dögum. Á slíkum dögum hækkar álagið og verður annarsvegar 50% af dagvinnu per. klst. í stað 33% af dagvinnu og hinsvegar í 25% af dagvinnu per. klst. í stað 16,5%. <sup>VR</sup>

Nánari upplýsingar er að finna á [www.vr.is/kjaramal](http://www.vr.is/kjaramal)



# RÉTTINDI ÞÍN Í DESEMBER

Nú er mesta vinnutörn ársins að hefjast hjá verslunarfólki. Við viljum því minna á ýmis atriði sem lúta að réttindum og skyldum starfsmanna.



## SKRÁNING VINNUTÍMA

Þegar mikið er að gera er góð vinnuregla að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa.

Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.



## FRÍDAGAR YFIR HÁTÍÐARNAR

Ekki er vinnuskylda á þessum dögum og skulu launamenn halda sínum dagvinnulaunum óskertum. Auk þess má minna á að **fyrsta vinnudag eftir jól skal dagvinna í verslunum hefjast kl. 10.00.**

**Eftir kl. 12.00 á aðfangadag** (stórhátíðardagur).

**Jóladagur** (stórhátíðardagur).

**Annar í jólum** (almennur frídagur).

**Eftir kl. 12.00 á gamlársdag** (stórhátíðardagur).

**Nýársdagur** (stórhátíðardagur).



## LAUN Á FRÍDÖGUM

Samþykki launamenn að taka að sér vinnu á frídögum skal greiða eftirvinnukaup (yfirvinnukaup ef vinna þessi er umfram 171,15 klst. hjá afgreiðslufólki) fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðakaup fyrir vinnu á stórhátíðadögum.

Kaupið reiknast þannig:

**Eftirvinnukaup:** 0,8235% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

**Yfirvinnukaup:** 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

**Stórhátíðarkaup:** 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Hefðbundin dagvinnulaun launmanns í föstu og reglubundnu starfi haldast auk þess óbreytt.



## DAGLEGUR HVÍLDARTÍMI

Á hverjum sólarhring á **starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld**. Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst.

# DESEMBERUPPBÓT

Mínum á að desemberuppbót til félagsmanna VR skal greiddast ekki síðar en 15. desember. Desemberuppbót fyrir fullt starf á árinu 2015 er **kr. 78.000**.

Sjá reiknivél fyrir desemberuppbót á [www.vr.is](http://www.vr.is).



## FRÁVIK OG FRÍTÖKURÉTTUR

Ef 11 klst. hvíld næst ekki, skal veita hana síðar. Þannig safnast upp svokallaður frítökuréttur. **Fyrir hverja klukkustund sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klukkustund í dagvinnu í frítökurétt.**

**Dæmi:** Starfsmaður hefur störf kl. 08.00. Hann lýkur störfum kl. 23.00 og kemur aftur til vinnu kl. 08.00 daginn eftir. Samfelld hvíld á milli vinnudaga er einungis níu klst. Hvíldartími hefur þ.a.l. verið skertur um tvær klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt upp á 3 klst. fyrir vikið.

**Undir öllum kringumstæðum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.**



## VIKULEGUR FRÍDAGUR

Vinnu skal skipuleggja á þann hátt að hver starfsmaður fái a.m.k. einn vikulegan frídag. Ef starfsmaður er látinn vinna sjö daga í röð, á hann rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.



## HELGARVINNA

Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir **4 klukkustundir**, þótt unnið sé skemur.



## MATAR- OG KAFFITÍMAR

**Hádegismatartími:** Á bilinu **1/2 til 1 klukkustund** (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. **Starfsfólk þarf að vinna a.m.k. 5 klukkustundir** til að öðlast rétt til matartíma í hádeginu.

**Kvöldmatartími: 1 klukkustund** (á milli kl. 19.00 og 20.00) og telst til vinnutíma.

**Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi.** Réttur til kvöldmatartíma miðast við a.m.k. fjögurra og hálftrar klst. vinnu.

**Kaffítími: 35 mínútur** á dag hjá afgreiðslufólki og **15 mínútur** hjá skrifstofufólki, miðað við fullan vinnudag. Er veittur í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum.

Ef unnið er lengur en til kl. 22.00 skal veita annan **20 mínútna** kaffitíma á tímabilinu kl. 22.00 - 22.20. Á **Þorláksmessu** er heimilt að veita þann kaffitíma á bilinu kl. 21.40 - 22.20.



## FJÖLMENNT ÞING LÍV KALLAR EFTIR NÝJUM VINNUBRÖGÐUM

Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV), sem haldið var í lok október, kallaði eftir nýjum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga. „Enn á ný erum við að upplifa það að stórir hópar telja sig eiga inni leiðréttingar langt umfram það sem við höfum samið um. Við þetta bætist gerðardómur sem færir launabreytingar okkar lægstu hópa yfir á millitekjuhópana hjá ríkinu. Við það verður ekki unað,“ sagði Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV, í setningarræðu sinni.

Á þinginu var mikil umræða um stöðu kjarasamninga í ljósi óvissu og óróleika á vinnumarkaði síðustu misseri. Í ályktun áréttar þingið mikilvægi þess að taka upp ný vinnubrögð og að horft sé til þess hvernig við getum byggt upp kaupmátt með raunverulegum og varanlegum verðmætum.

*„29. þing LÍV telur mikilvægt að vinnumarkaðurinn í heild sinni tileinki sér sömu vinnubrögð og liggja að baki hinu norræna vinnumarkaðsmódeli. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launaþróun á komandi misserum, þar sem litið verði til allra þátta þ.m.t. Ilfeyrisréttinda. Til þess að það gangi eftir verða allir hópar að axla ábyrgð á breyttum vinnubrögðum.“*

Á þinginu var jafnframt samþykkt stuðningsyfirlýsing við kjarabaráttu starfsfólks Rio Tinto í Straumsvík, sem hefur staðið mánuðum saman án þess að nokkur laus sé í sjónmáli. Þá var einnig samþykkt ályktun um starfsmenntamál þar sem áhersla er lögð á mikilvægi raunfærnimats. Þar er hvatt til þess að fyrir 1. október á næsta ári liggi fyrir með hvaða hætti greitt verði fyrir hæfni sem metin er í starfi, eins og stefnt er að í bókun með síðustu kjarasamningum um mat á námi til launa.

Þá samþykktu þingfulltrúar ályktun um heilbrigðis- og húsnæðismál þar sem stjórnvöld voru m.a. hvött til að hverfa af braut aukinnar kostnaðarþátttöku almennings í lækni- og lyfjakostnaði.

### STJÓRNIN ENDURKJÖRIN

Stjórn LÍV var endurkjörin á þinginu, en í henni sitja Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV, Ólafía B. Rafnsdóttir VR, Páll Örn Líndal VR, Eiður Stefánsson FVSA, Kristín María Björnsdóttir VR, Gils Einarsson VMS og Benóný Valur Jakobsson VR. Varamenn eru Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir VR, Elva Hrönn Hjartardóttir VR, Anna María Elíasdóttir FVSA, Bjarni Danielsson VR, Hjörtur Geirmundsson Vmf. Skagafjarðar, Júnía Þorkelsdóttir VR og Bryndís Kjartansdóttir VS.

Þingið var haldið síðari hluta október á Akureyri og sátu það 80 fulltrúar aðildarfélaga LÍV. VR er stærsta aðildarfélag sambandsins. [vís.](#)

**Allar ályktanir þingsins eru birtar á vef VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).**



# ÚR DÓMSALNUM

Á hverju ári koma á annað þúsund mála til kasta sérfræðinga á kjaramála-sviði VR. Yfirgnæfandi meirihluta mála er hægt að leysa án þess að leita þurfi til dómstóla en ekki öll. Á síðustu mánuðum fór félagið með nokkur mál sem vörðuðu mikilvæg réttindi félagsmanna fyrir dómstóla. Hér er stiklað á stóru í tveimur málum.

## DEILT UM VINNUFYRIRKOMULAG

Fyrri málið, sem tekið var fyrir vorið 2015, snerist um félagsmann VR sem starfaði hjá fyrirtæki í borginni. Rúmu ári eftir að hann hóf störf var reksturinn seldur öðrum og fyrirtækinu lokað um tíma á meðan gerðar voru breytingar á húsnæðinu. Þegar fyrirtækið opnaði aftur kom félagsmaðurinn ekki til vinnu – honum og fyrirtækinu ber ekki saman um ástæðuna. Félagsmaðurinn segir að fyrirtækið hafi viljað breyta vinnufyrirkomulagi hans en forsvarsmenn fyrirtækisins segja að félagsmaðurinn hafi hætt fyrirvaralaust og fyrirgert rétti sínum til launa í uppsagnarfresti.

Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við félagsmanninn, hvorki af fyrri eiganda né þeim seinni, og var ágreiningur um vinnufyrirkomulag hans. Félagsmaðurinn sagðist ætíð hafa unnið reglulegar vaktir og var það staðfest af vinnufélögum hans og launaseðlum. Dómurinn féllst á það og sagði að fyrirtækið þyrfti að bera hallann af því að ekki væri hægt að sanna að fyrirkomulagið hefði verið með öðrum hætti. Félagsmaðurinn hafði ekki fengið greidd laun fyrir október, nóvember og desember en hluta þess tíma var fyrirtækið lokað. Fyrirtækinu var hins vegar gert af dómnum að greiða félagsmanninum laun fyrir allt þetta tímabil.

Hins vegar féllst dómurinn ekki á kröfu félagsmannsins um laun í uppsagnarfresti og benti m.a. á að staðhæfingar um starfslok hefðu verið misvísandi. Bæði félagsmaðurinn og fyrirtækið telja að hinn aðillinn hafi í reynd sagt upp starfssamningi, þó að hvorugur hafi gert það skriflega. Félagsmaðurinn bar því við að fyrirtækið vildi breyta vinnufyrirkomulaginu en forsvarsmenn fyrirtækisins sögðu að félagsmaðurinn hefði ekki viljað starfa áfram hjá fyrirtækinu. Í úrskurði sínum bendir dómurinn á að í ráðningarsambandi felist gagnkvæmar skyldur launamanns og atvinnurekanda. Ráðningarsamningi verði ekki sagt upp fyrirvaralaust, báðir aðilar séu bundnir




af samningsskyldum sínum þar til uppsagnarfrestur sé liðinn. Dómurinn taldi ekki að félagsmanninum hefði tekist að sanna að fyrirtækið hefði einhliða sagt upp ráðningarsambandi þeirra, fyrirtækið hefði því getað litið svo á að hann hefði ekki óskað eftir frekar starfi. Því hafnaði hann kröfu um laun í uppsagnarfresti.

## FYRIRVARALAUSS UPSÞÖGN

Í seinna málinu var deilt um laun í uppsagnarfresti og hvort fyrirtæki hefði verið heimilt að víkja starfsmanni úr starfi fyrirvaralaust eins og gert var. Málavextir voru þeir að félagsmaður VR hóf störf hjá fyrirtæki einu fyrri hluta árs 2013 en sagði upp undir lok þess sama árs. Hann hafði áunnið sér þriggja mánaða uppsagnarfrest. Forsvarsmenn fyrirtækisins afhentu honum uppsagnarbréfið aftur þar sem þeir höfðu áritað á það staðfestingu á móttöku þess en sökuðu hann jafnframt um aðför að fyrirtækinu, mótmæltu þriggja mánaða uppsagnarfresti og gerðu honum að hverfa á braut þegar í stað. Þetta var undirritað af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni fyrirtækisins. Félagsmaðurinn leitaði til VR, sem fór fram á laun í uppsagnarfresti, enda hefði vinnuframlagi félagsmannsins verið einhliða hafnað.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins bar því við að félagsmaðurinn hefði verið áminntur fyrir ósæmilega hegðun í starfi og hefði að auki haft óheimil afskipti af mannráðningum fyrirtækisins. Því hefði fyrirvaralaus uppsögn verið heimil. Félagsmaðurinn segist hafa sagt upp störfum vegna óánægju með starfið og þróun þess. Hann kannast ekki við að hafa fengið áminningu vegna brota í starfi og neitar því að hafa unnið fyrirtækinu tjón með því að hafa óæskileg áhrif á mannráðningar.

Dómurinn bendir á að samkvæmt reglum vinnuréttar er fyrirvaralaus brottvikning háð því að starfsmaður hafi brotið gildandi ráðningarsamning í veigamiklum atriðum og að miðað sé við að áminna eða aðvara verði starfsmann áður en honum er víkið fyrirvaralaust úr starfi. Ekkert hafi komið fram sem styðji það að félagsmaðurinn hafi verið áminntur. Þá segir í dómnum að engin gögn styðji það að félagsmaðurinn hafi haft óheimil afskipti af mannráðningum og spilt þannig fyrir framgangi fyrirtækisins. Fyrirtækinu hafi þannig ekki verið heimilt að svipta félagsmanninn launum á uppsagnarfresti eins og gert hafi verið. Hann hafi áunnið sér þriggja mánaða uppsagnarfrest og er fyrirtækinu gert að greiða honum laun fyrir þann tíma, orlof og uppbætur, tæplega tvær milljónir króna auk dráttarvaxta. Fyrirtækinu var einnig gert að greiða málskostnað félagsmannsins. 

# BREYTINGAR Á REGLUM UM ÚTLEIGU ORLOFSHÚSA VR

Mikil ánægja hefur verið með orlofsþjónustu VR undanfarin ár, en markmið hennar er að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og hvíldar. Orlofsþjónustan er í stöðugri endurskoðun þar sem leitast er við að koma til móts við þarfir og kröfur félagsmanna.



VR á um 50 orlofshús víðs vegar um landið sem félagið leigir til félagsmanna sinna allt árið um kring. Yfir sumartímann tekur félagið á leigu 20-30 hús á Íslandi og orlofshús í Danmörku sem félagsmenn VR hafa aðgang að.

## OPNAÐ FYRIR ALLT SUMARIÐ Í BYRJUN JANÚAR

Síðastliðin ár hefur VR notað regluna „fyrstur bókar, fyrstu fær“ við útleigu orlofshúsa og hefur hún gefist vel. Þannig sitja allir fullgildir félagsmenn við sama borð. Til að bæta þjónustuna enn frekar hefur verið ákveðið að opna fyrir lengra bókunartímabil í einu. **7. janúar verður opnað fyrir bókanir allt sumarið 2016**, þ.e. frá 27. maí til 2. september. Þann 8. janúar kl. 14.00 verður opnað yfir bókanir hjá þeim félagsmönnum sem hafa leigt orlofshús yfir sumartíma síðastliðin þrjú ár. Þann **14. janúar kl. 10.00 verður opnað fyrir tímabilið 2. september 2016 til 2. júní 2017**.

## ORLOFSVEFUR VR

Á orlofsvefnum er hægt að skoða öll orlofshús VR sem og laus tímabil. Hægt er að sjá yfirlit yfir afsláttarmiða og gjafabréf í flug. Einnig er að finna yfirlit yfir þau fjölmörgu fyrirtæki sem veita félagsmönnum VR afslátt.

Til að bóka og greiða fyrir orlofshús og kaupa gjafabréf og kort tengd orlofsþjónustu þarf að skrá sig inn á Mínar síður. Hægt er að skrá sig inn á Mínar síður með Íslykli eða rafrænum skilríkjum.

## AFBÓKANIR OG ENDURGREIÐSLA

Ef orlofshús er afbókað áður en 60 dagar eru í upphaf leigutöku fæst allt leigugjaldið endurgreitt. En reglurnar um afbókanir og endurgreiðslu orlofshúsa eru sem hér segir:

- Ef orlofshúsinu er skilað áður en **60 dagar** eru í upphaf leigutöku fást 100% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsinu er skilað milli þess sem **60–14 dagar** eru í upphaf leigutöku fást 85% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsinu er skilað milli þess sem **14–7 dagar** eru í upphaf leigutöku fást 50% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsinu er skilað milli þess sem **7–3 dagar** eru í upphaf leigutöku fást 20% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsinu er skilað þegar minna en **72 klst.** eru í upphaf leigutöku þarf að greiða fulla leigu fyrir húsið.



# Hvert ætlar þú í sumar?

VR á um fimmtíu orlofshús víðs vegar um landið sem leigð eru til félagsmanna allt árið um kring. Á sumrin bætast við um 30 hús, bæði hérlendis og í Danmörku.

**7. janúar kl. 19.00** verður opnað fyrir bókanir orlofshúsa í sumar (27. maí – 2. september). Þann **8. janúar kl. 14.00** verður opnað á bókanir fyrir þá sem leigðu orlofshús sumrin 2013, 2014 eða 2015.

**Kynntu þér úrvalið á [vr.is](http://vr.is) og bókaðu á Mínum síðum, á skrifstofu VR eða í síma 510 1700. Minnum á sérstaka kvöldopnun 7. janúar kl. 19.00 – 21.30.**

Ath. Til að bóka orlofshús á vef VR þarftu að skrá þig inn á Mínar síður með íslykli eða rafrænum skilríkjum.





# HVAÐ ER JAFNLAUNAVOTTUN VR?

Tæplega þrjú ár eru liðin síðan VR hleypti Jafnlaunavottun VR af stokkunum. Á þriðja tug fyrirtækja hafa fengið vottun, sem í dag tekur til tæplega 5.500 starfsmanna í mörgum ólíkum atvinnugreinum á íslenskum vinnumarkaði.



Er eitthvað ósýnilegt á þínum vinnustað?

## AF HVERJU JAFNLAUNAVOTTUN?

VR hefur lengi verið í forystu í baráttunni fyrir jöfnum launum kynjanna. Félagið hefur gert kannanir og farið í áhrifamiklar herferðir, skapað umræðu og lagt áherslu á jafnrétti í kjarasamningum svo fátt eitt sé nefnt. Laust fyrir aldamótin birti félagið eina af sínum fyrstu auglýsingum þar sem konur voru hvattar til að meta vinnu sína á sama hátt og karlar og krefjast sömu launa og þeir. Margt hefur áunnist frá þeim tíma, launamunurinn innan félagsins hefur minnkað um þriðjung og kynbundinn launamunur innan VR er í dag 9,9% samkvæmt árlegri launakönnun en var 15,3% árið 2000. Þetta þýðir að konur hafa 9,9% lægri laun en karlar eftir að tekið hefur verið tillit til vinnutíma, starfs, atvinnugreinar og annarra málefnalega áhrifapátta á launin.

„Við höfum séð árangur af baráttu undanfarinna ára, það er alveg rétt,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR. „En það dugar ekki til. Eins og

staðan er í dag vinna konur í VR launalaust í einn mánuð á ári – það er kynbundinn launamunur í hnotskurn. Þetta er með öllu óviðunandi, um það erum við öll sammála. Jafnlaunastaðallinn er ný leið í þessari baráttu og við viljum nýta hvert tækifæri og öll þau stjórnþæki sem okkur bjóðast til að uppræta launamun kynjanna. Með staðlinum og Jafnlaunavottun VR höfum við fært baráttuna inn fyrir veggir fyrirtækja – þetta verður að vera sameiginlegt átak launafólks og atvinnurekenda.“

## JAFNLAUNASTAÐALL – TÍMAMÓT Í BARÁTTUNNI

Upphaf útgáfu jafnlaunastaðals Staðlaráðs Íslands má rekja til ákvæðis í jafnréttislögum árið 2008 og ákvæðis í kjarasamningi á almennum vinnumarkaði það sama ár. Á Kvennafrídeginum 2008 skrifuðu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins undir samkomulag um að hefjast handa við gerð staðalsins. Staðallinn var svo gefinn út í lok desember árið 2012 og markaði útgáfa hans tímamót í jafnréttisbaráttunni.

Markmið staðalsins er að auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti á vinnustaðnum. Fyrirtæki sem uppfylla kröfur staðalsins geta fengið vottun um að konur og karlar sem þar starfa njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

## FYRIR ALLA

Þetta er grundvallaratriði í Jafnlaunavottun VR, hún er stjórnþæki fyrirtækja til að uppfylla kröfur staðalsins. Jafnlaunavottun VR felur í sér faglega úttekt innan fyrirtækja og stofnana á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna. Beitt er viðurkenndri aðferðarfræði fagaðila og gerð krafa um að fyrirtækin uppfylli bæði kröfur staðalsins og viðmið VR sem m.a. fela í sér reglubundið eftirlit fagaðila í þrjú ár, að fyrirtækið að bregðist tafarlaust við frábrigðum og að það styðjist við rökstudd og sannreynanleg umbunarviðmið. Þau fyrirtæki sem ekki standast reglubundið eftirlit missa vottunina.

„Jafnlaunavottun VR er enn eitt dæmið um það brautryðjendastarf sem VR hefur unnið í þessum málaflökki. Í dag vinna rúmlega fimm þúsund starfsmenn á vinnumarkaði undir því eftirliti sem Jafnlaunavottun VR veitir,“ segir Ólafía. „En það eru ekki eingöngu hagsmunir félagsmanna VR sem eru í húfi. Barátta VR fyrir jafnrétti hefur alltaf náð lengra en svo og er Jafnlaunavottunin engin undantekning þar á. Hún snertir allan vinnumarkaðinn.“

# ENN BÆTIST Í HÓP VOTTAÐRA FYRIRTÆKJA

Ernst & Young og Lyfja hf. fengu afhenta Jafnlaunavottun VR í nóvember. Þar með hafa bæði fyrirtækin fengið staðfestingu á því að þau greiði konum og körlum sömu laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu. Nú þegar þessi tvö fyrirtæki hafa bæst í hópinn eru 26 fyrirtæki og stofnanir á vinnumarkaði með vottun.



Á myndinni eru (frá vinstri) Hallur Guðjónsson, Svava Þorsteinsdóttir, Sigurbjörn Gunnarsson, Stefán Sveinbjörnsson og Unnur Guðríður Indriðadóttir.

## LYFJA HF.

Lyfja hf. fékk Jafnlaunavottun VR seinni hluta nóvember, fyrst fyrirtækja á lyfjamarkaði. Hjá Lyfju hf. vinna 332, 12% af þeim eru karlmenn.

„Við hjá Lyfju hf. erum stolt af því að hafa fengið Jafnlaunavottun VR fyrst fyrirtækja á lyfjamarkaði. Það staðfestir að launajafnrétti ríkir hjá fyrirtækinu. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að meirihluti starfsmanna okkar er konur. Við leggjum áherslu á að við ákvörðun launa sé þess ætíð gætt að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar feli ekki í sér kynjamisunun, heldur séu rökstudd með skýrum rökum út frá verðmæti starfs. Það er ástæða til að þakka VR fyrir það frumkvæði sem félagið hefur sýnt í þessum málum, þar sem jafnlaunavottun er ein leið til að vinna að því að útrýma kynbundnum launamun í atvinnulífinu,“ segir Sigurbjörn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Lyfju.

„Jafnlaunavottun VR tekur bæði til fyrirtækja á almennum markaði og stofnana á hinum opinbera vettvangi. Því stærri og fjölbreyttari sem hópurinn er, þeim mun meiri áhrif hefur vottunin,“ segir Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, sem afhenti vottunina. [VR](#)



Á myndinni eru (frá vinstri) Ólafur Reimar Gunnarsson, Ólafía B. Rafnsdóttir, Hildur A. Pálsdóttir og Ásbjörn Björnsson.

## ERNST & YOUNG

Ernst & Young á Íslandi fékk Jafnlaunavottun VR afhenta um miðjan nóvember. Hjá Ernst & Young hér á landi vinna 55 starfsmenn; 53% eru konur og 47% eru karlar.

„Við hjá Ernst & Young erum afar stolt og ánægð með Jafnlaunavottun VR. Við höfum ávallt lagt áherslu á að laun endurspegli menntun, ábyrgð og frammistöðu okkar starfsfólks án tillits til kynferðis þess. Vottunin staðfestir það launajafnrétti sem við höfum fylgt og styður við stefnu félagsins um jafnrétti í launum og starfstækifærum,“ segir Ásbjörn Björnsson, forstjóri Ernst & Young á Íslandi.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, sem afhenti vottunina, segir hana til marks um þá áherslu sem fyrirtæki leggja á jafnrétti innan eigin veggja. „Við fögnum því að fá Ernst & Young í hópinn. Með því að taka höndum saman, launafólk og atvinnurekendur, stöndum við sterkar að vígi í baráttunni fyrir jöfnum launum karla og kvenna. Ég hvet önnur fyrirtæki til að fylgja fordæmi Ernst & Young og gera jafnrétti á vinnustaðnum hátt undir höfði.“ [VR](#)

# HVAÐ HEFUR VR GERT Í JAFNRÉTTISMÁLUM?

## 2000

Samið er um markaðslaun í kjarasamningum og rétt til launaviðtals. Næstu ár býður VR félagsmönnum sínum reglulega upp á námskeið og fyrirlestra um hvernig á að semja um launin og er mikill meirihluti þátttakenda konur.

Stjórn VR samþykkir jafnréttisstefnu félagsins.

Árlega eru gerðar launakannanir meðal félagsmanna VR og sérstaklega fjallað um stöðu kvenna og launamun kynjanna.

## 2002

VR tekur þátt í útgáfu á bæklingnum **Lykillinn að velgengi** í samvinnu við jafnréttisáttak Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og fleiri. Bæklingurinn er meðal annars ætlaður ungum konum sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

## 2004

Samið er um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum og er VR með auglýsinga-herferð um málið. Auk þess beitir félagið sér fyrir sveigjanlegum vinnutíma í kjarasamningagerð og tekur meðal annars þátt í verkefninu Hið gullna jafnvægi, sem Reykjavíkurborg og Gallup standa fyrir.

## 1999

VR tryggir félagsmönnum 80% laun í fæðingarorlofi frá apríl 1999 þar til ný lög um fæðingarorlof taka gildi í ársbyrjun 2001.

Félagið birtir auglýsingu þar sem konur eru hvattar til að meta vinnu sína að verðleikum og semja um hærri laun. Auglýsingar um aukið jafnrétti hafa verið birtar reglulega síðan.

Í samstarfi við Samtök verslunarinnar – FÍS (nú Félag atvinnurekenda) er gefinn út bæklingur og veggspjald um kynferðislega áreitni sem dreift er á vinnustöðum.

## 2001

VR hlýtur viðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2001 fyrir brautryðjandastarf á sviði jafnréttismála.

## 2001-2003

Konur í félaginu standa til boða ýmis námskeið sem miða að því að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði, meðal annars námskeiðið Konur til forystu.

## 2003

Í tengslum við kynningu á niðurstöðum í launakönnun VR birtir félagið auglýsingu um stöðuna í baráttunni fyrir jöfnum launum kynjanna. Launamunurinn hafði dregist saman á milli ára en skilaboð VR voru einföld: **Betur má ef duga skal!**






VR hefur undanfarin ár og áratugi leitt baráttuna fyrir jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði. Launamunur kynjanna er ein helsta birtingarmynd ójafnréttis á vinnumarkaði og hefur VR því lagt sérstaka áherslu á að útrýma honum. Allt frá árinu 1999, þegar félagið birti áhrifamikla sjónvarpsauglýsingu um launamun kynjanna, hefur VR efnt til umræðu í þjóðfélaginu og farið í herferðir þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að halda baráttunni áfram. Jafnlaunavottun VR er mikilvægur þáttur í þessari vegferð félagsins og færir jafnframt fyrirtækjum öflugt stjórnþæki til að tryggja jafnrétti innan eigin veggja. Árið 2015 var ár jafnréttis þar sem við fögnuðum m.a. aldarafmæli kosningaréttar kvenna og 40 ára afmæli Kvænnafrídagsins. Í tilefni af því stiklum við hér á stóru á því sem VR hefur lagt af mörkum í þessari baráttu síðustu fimmtán ár.

## 2003-2006

VR stendur fyrir auglýsingaherferð um jafnréttismál í skólablöðum ungs fólks. Síðan þá hefur félagið farið í margar slíkar herferðir, bæði í sjónvarpi og blöðum.

## 2006

VR hleypir af stokkunum herferð um launamun kynjanna sem vekur mikla athygli undir yfirskriftinni **Dapurleg eftirmæli**.



## 2010

Jafnréttismálin setja svip sinn á launakönnun; spurt er um jafnrétti á vinnustað og verkaskiptingu kynjanna innan veggja heimilisins.

## 2012

Samkvæmt launakönnun VR mælist kynbundinn launamunur í fyrsta skipti undir 10%. En þó að munurinn hafi dregist saman um tæplega þriðjung á einum áratug er enn allt of langt í land með að jafna laun kynjanna á vinnumarkaði, að mati félagsins.

## 2005

Þema félagsins þetta ár er jafnrétti karla og kvenna og er af því tilefni efnt til viðamikillar auglýsingaherferðar, **Ekki láta útlitið blekkja þig**, sem vekur þjóðarathygli.

Í árlegri launakönnun er lögð áhersla á að kanna afstöðu kynjanna til vinnustaða sinna og viðhorf þeirra til jafnréttismála.

## 2011


VR birtir auglýsingu gegn launamun kynjanna sem vekur athygli; **Léttum álögunum, látum launamun kynjanna heyra sögunni til**. Auglýsingin er hluti af stærra átaki VR gegn kynbundnum launamun. Félagið býður meðal annars upp á sérstök námskeið um samningatækni og vill þannig höfða sérstaklega til kvenna. Einnig hvetur VR fyrirtæki í landinu til samstarfs undir formerkjnum **Eru konur 90% menn?**

## 2013

**Jafnlaunavottun VR** er hleypst af stokkunum í upphafi árs með kynningum til fyrirtækja og auglýsingaherferð. Jafnlaunavottun VR er ætlað að vera fyrirtækjum hvatning til að útrýma launamun kynjanna innan þeirra eigin veggja og færa atvinnulífnu nýtt og öflugt vopn í baráttunni fyrir launajafnrétti. VR helgar árið 2013 baráttunni fyrir jafnrétti og jöfnum launum karla og kvenna.

## 2014-2015

Á þriðja tug fyrirtækja hafa fengið **Jafnlaunavottun VR** sem tekur nú til rúmlega fimm þúsund starfsmanna á vinnumarkaði. **VR-Skóli lífsins** er settur á lagginnar en markmið hans er að kynna ungu fólki réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði, m.a. mikilvægi jafnréttis kynjanna. **VR gerist aðili að Festu** – miðstöð um samfélagslega ábyrgð en eitt helsta samfélagslega verkefni félagsins er að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði.





# HVAÐ GERIR VR FYRIR ÞIG?

## Þjónusta við félagsmenn

VR rekur starfsstöðvar víða um land. Þar fer fram upplýsingagjöf til félagsmanna um réttindamál, styrki, kaup og kjör o.fl. Einnig veitir VR þjónustu á vr.is, á samfélagsmiðlum og í þjónustuveri.



## ✓ Ráðgjöf við félagsmenn

Kjaramálasérfræðingar VR veita ýmsa ráðgjöf um kaup og kjör, t.d. túlkun kjarasamninga, gerð ráðningarsamninga, lögfræðiaðstoð vegna kjaramála og innheimtu.



## VR vefurinn

Launaseðill, reiknivél fyrir launabróun að ógleymdum Mínum síðum eru dæmi um þá fjölbreytni sem er að finna á VR vefnum.



VR.IS



## VR er aðili að starfsmenntasjóðum

Félagsmenn VR geta sótt um styrki vegna starfstengds náms/ námskeiða/ ráðstefna, náms til eininga og tungumálanáms. Einnig er hægt að sækja um ferðastyrk og styrk vegna tólmstundanámskeiða félagsmanns.



## VR varasjóðurinn er þín eign!

Þú getur notað hann til kaupa á líkamsræktarkorti, gleraugum og öðrum hjálpartækjum, í endurhæfingu, til menntunar, orlofs og margs fleira.



VR HEILDARLAUN DÆMI



## Launakönnun VR

VR stendur fyrir launakönnun á hverju ári sem veitir upplýsingar um markaðslaun. Könnunin er gott verkfæri fyrir félagsmenn til að nýta í launaviðtölum, ráðningarviðtölum og til að ræða laun almennt.





## Ungir félagsmenn

VR-Skóli lífsins fræðir unga félagsmenn um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og undirbýr þá fyrir framtíðina. VR er einnig með kynningu í grunn- og framhaldsskólum víðsvegar um landið.



## Fyrirlestrar og námskeið

VR býður félagsmönnum sínum á áhugaverða hádegisfyrirlestra og gagnleg og skemmtileg námskeið.



## Sjúkrasjóður VR

Ef eitthvað bjátar á er Sjúkrasjóður VR til staðar. Sjúkradagpeningar, bæði vegna eigin veikinda og eins veikinda barna og maka, slysa- og örorkubætur og dánarbætur.




## Fyrirtæki ársins

Félagsmenn VR taka þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun á Íslandi og fá góðar og haldbærar upplýsingar um aðbúnað og líðan í vinnu og samanburð við aðra.




## Orlofsmál

Félagsmenn VR hafa aðgang að orlofshúsum VR víðsvegar um landið. Einnig geta þeir keypt gjafabréf í flug og orlofsferðir og fengið afslætti hjá fjölmörgum fyrirtækjum og þjónustuaðilum.



## Jafnréttismál

Jafnlaunavottun VR er ætluð öllum fyrirtækjum og stofnunum sem vilja tryggja starfsfólki sínu sömu laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu. Vottunin er öflugt tæki í baráttunni fyrir jafnrétti.



## Kjarasamningar

Öllu launafólki eru tryggð lágmarks-laun með kjarasamningum. VR gerir heildarkjarasamning við SA og FA auk fjölda fyrirtækja sem standa utan ofangreindra samtaka.





# VANTAR FRÆÐSLUSTJÓRA Í ÞITT FYRIRTÆKI?

SVS fer í átak með verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ fyrir minni fyrirtæki.

„Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og geta fyrirtæki sem greiða starfsmenntaíðgjöld í ÍÐUNA fræðslusetur, Landsmennt, Starfsafl, Rafiðnaðarskólann, Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og Verkstjórásamband Íslands sótt um.

Stjórn starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) hefur samþykkt að hrinda af stað átaki til næstu 18 mánaða með verkefnið „Fræðslustjóri að láni“. Átakið einskorðast við fyrirtæki innan Samtaka atvinnulífsins sem greiða til SVS þar sem starfsmenn eru á bilinu 7 til 25 og er óháð rétti fyrirtækjanna í sjóðinn. Minni fyrirtæki hafa ekki átt kost á að sækja um „Fræðslustjóri að láni“ til sjóðsins vegna takmarkaðs réttar þeirra í sjóðinn. Sjóðurinn mun að öllu leyti standa straum af kostnaði verkefnisins af hálfu SVS. Átakið hófst 1. nóvember 2015 og stendur til og með 31. maí 2017.



**SELMA KRISTJÁNSDÓTTIR**  
SÉRFRÆÐINGUR HJÁ  
STARFSMENNTASJÓÐI  
VERSLUNAR- OG  
SKRIFSTOFUFÓLKS


verkefnisins er fræðsluáætlun sem fyrirtækið fylgir eftir næstu 12 til 24 mánuði og getur þá byggt áframhaldandi fræðslu á áætluninni.

## MEIRI ÁHUGI OG AUKIN AÐSÓKN

Aðsókn að verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ hefur aukist mikið. Fjöldi fyrirtækja með hlutdeild í sjóð SVS er kominn upp í 15 fyrirtæki það sem af er ári 2015. Umsóknir fimm fyrirtækja til viðbótar eru í vinnslu og má því reikna með að um 20 fyrirtæki tengd SVS taki þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ á þessu ári; tvöfalt fleiri en í fyrra.

Meðal fyrirtækja sem eru í vinnu eða hafa lokið við verkefnið árið 2015 eru:

- |                              |                       |
|------------------------------|-----------------------|
| Actavis ehf.                 | Límtré Vírnet ehf.    |
| APA ehf.                     | Nýherji hf.           |
| Garðheimar Gróðurvörur ehf.  | Rúmfatalagerinn ehf.  |
| Hamar ehf.                   | Umslag ehf.           |
| Hótel Óðinsvé                | Vífelfell hf.         |
| Höldur - Bílaleiga Akureyrar | VR                    |
| Icelandair Hotels            | Vörður tryggingar hf. |
| Íshestar ehf.                |                       |

Á heimasíðu Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks – **starfsmennt.is** – eru ítarlegri upplýsingar um „Fræðslustjóra að láni“ og hvernig fyrirtæki geta sótt um. 

## HVAÐ ER FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI?

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannaúdráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Afurð

## HVERNIG ER FERLIÐ?





# STARFSMENNTASTYRKUR! HVAÐ ER ÞAÐ?

Ert þú á leið á námskeið eða ráðstefnu – eða ertu kannski í námi ?

VR er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum; Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Aðild fer eftir því hvorum kjarasamningi vinnuveitandi fylgir, Samtökum atvinnulífsins sem greiðir til SVS eða Félagi atvinnurekenda sem greiðir til SV. Öll stéttarfélag starfsfólks í verslun og þjónustu eiga aðild að þessum sjóðum.

Langflestir félagsmanna VR, eða um 95%, tengjast Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS). Stéttarfélagin sem tengjast sjóðunum sjá um að veita félagsmönnum sínum þjónustu vegna umsókna um styrki. VR veitir þannig félagsmönnum sínum þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda í tengslum við starfsmenntastyrki.

## RÉTTINDI Í STARFSMENNTASJÓÐ VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS (SVS)

Nýjar úthlutunarreglur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks taka gildi þann 1. janúar 2016 og eru eftirfarandi:

- Veittur er styrkur allt að 90.000 kr. á ári.
- 75% af námi/starfstengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnugjaldi – hámark 90 þúsund.
- 50% af tómstund – hámark 20 þúsund (dregst frá hámarksstyrk).
- 50% af ferðastyrk – hámark 30 þúsund (dregst frá hámarksstyrk).

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að félagsmaður greiði námsgjöld/námskeiðsgjöld/ráðstefnugjöld. Nánar á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).

## RÉTTINDI Í STARFSMENNTASJÓÐ VERSLUNARINNAR (SV)

Starfsmenntasjóður verslunarinnar (SV) áformar að breyta reglum sínum í samræmi við reglur SVS. Nýjar úthlutunarreglur úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar taka að fullu gildi þann 1. janúar 2017 en um áramótun 2015–2016 hefst eins árs aðlögunartímabil. Það felur í sér að félagsmenn sem eiga réttindi í sjóðnum geta sótt um styrk samkvæmt því kerfi sem hentar þeim best. Þannig fá þeir sem eiga mörg uppsöfnuð stig í sjóðnum tækifæri til þess að nýta þau til loka árs 2016, en á sama tíma fá þeir félagsmenn sem hagnast meira á nýju reglunum tækifæri til þess að sækja um samkvæmt þeim. Ef valið er að fylgja nýju reglunni er ekki hægt að fá úthlutað samkvæmt eldri reglunni aftur. Nýju reglurnar eru samhljóða þeim reglum sem gilda í SVS og eru birtar hér til hliðar. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að félagsmaður greiði námsgjöld/námskeiðsgjöld/ráðstefnugjöld. [VM](#)

**ATHUGID:** Ef ekki er sótt um styrk úr starfsmenntasjóði í þrjú ár í röð er hægt að sækja um **kr. 270.000 styrk** fyrir einu samfelldu námi – þetta ákvæði tekur gildi frá og með **1. janúar 2016** hjá báðum starfsmenntasjóðum.

# VR-SKÓLI LÍFSINS Í FRAMHALDSSKÓLUM

Rúmlega 1.300 ungmenni hafa útskrifast úr VR-Skóla lífsins frá því að hann var settur á laggirnar fyrir rúmu ári. Fjöldmörg fyrirtæki hafa boðið ungum starfsmönnum sínum að taka námskeiðið og var VR-Skóli lífsins hluti af lífsleiknikennslu í tíu framhaldsskólum á þessu ári.

Markmið VR-Skóla lífsins er að styrkja stöðu fólks á aldrinum 16–24 ára á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. VR-Skóli lífsins stuðlar að auknu gagnsæi og þekkingu bæði í þágu starfsfólks og atvinnurekenda.

## LÍF Á VINNUMARKAÐI

Alls er VR-Skóli lífsins í fjórtán þáttum; þrettán þeirra eru unnir á netinu en sá síðasti er verklegur þar sem nemendur hittast með leiðbeinanda annaðhvort hjá VR, í skólastofunni eða í fyrirtækinu, eftir því sem við á.

VR-Skóli lífsins er saga ungrar stúlku, Lífur að nafni, sem er að leita sér að vinnu. Í þeirri vegferð lendir hún í ýmsum uppákomum, lærir leikreglur vinnumarkaðarins og hver réttindi hennar og skyldur eru. Nemendur fara með henni í gegnum ferlið og læra þannig hvað felst í þátttöku á vinnumarkaði. Að náminu loknu fá þátttakendur staðfestingu á að þeir hafi lokið VR-Skóla lífsins sem þeir geta látið fylgja með ferilskrá sinni þegar þeir sækja um starf.

## FYRIRTÆKI BJÓÐA STARFSFÓLKI Í SKÓLA

Þau fyrirtæki sem hafa boðið starfsfólki sínu upp á VR-Skóla lífsins á árinu eru Hagkaup, N1, IKEA, Penninn, A4, Bakameistarinn og Samkaup auk opinberra aðila á borð við Vinnumálastofnun og Ungmennafélag Íslands. Á þriðja hundrað ungmenni hafa lokið við námið á vegum þessara fyrirtækja og stofnana á þessu ári.

## VR-SKÓLI LÍFSINS Í LÍFSLEIKNIKENNSLU


Framhaldsskólar hafa leitað eftir því að taka VR-Skóla lífsins inn í kennslu, enda námsefnið tilvalið í lífsleiknikennslu eða öðrum sambærilegum áföngum á framhaldsskólastigi. Ungmennin eru gjarnan að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði á þeim tíma þegar þau byrja í framhaldsskóla og er námsefnið því vel við hæfi. Þeir skólar sem hafa kennt námskeiðið á þessu ári eru:

Fjölbrotaskólinn við Ármúla  
Verzlunarskóli Íslands  
Menntaskólinn í Kópavogi  
Fjölbrotaskólinn í Garðabæ  
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ  
Menntaskólinn á Akureyri  
Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra  
Menntaskólinn á Ísafirði  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Verkmenntaskólinn á Akureyri

Nú þegar hafa þessir skólar útskrifað fleiri en 800 ungmenni úr VR-Skóla lífsins og stefnir í að þeim muni fjölga enn frekar. Fleiri skólar víðs vegar um landið hafa sýnt náminu áhuga og hefja kennslu á VR-Skóla lífsins eftir áramót.

## SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Með VR-Skóla lífsins leggur VR aukna áherslu á að fræða ungt fólk um vinnumarkaðinn. Fulltrúar VR heimsækja meirihluta grunnskóla landsins og marga framhaldsskóla á hverju ári og hafa gert það í tvo áratugi. Í þeim heimssóknum er farið yfir réttindi og skyldur á vinnumarkaði og spurningum nemendanna svarað. VR-Skólinn er eðlilegt framhald þeirrar vinnu og nær til allra ungmenna, óháð stéttarfélagasáðild þeirra.

Um samfélagslegt verkefni er að ræða og því býðst framhaldsskólum námsefni VR-Skóla lífsins þeim að kostnaðarlausu. Starfsfólk VR veitir kennurum góða leiðsögn og aðstoðar þá sem koma að kennslu efnisins eftir fremsta megni. 





# EINSTAKLINGSMIÐUÐ RÁÐGJÖF FYRIR FÉLAGSMENN Í ATVINNULEIT

Atvinnuleit getur verið krefjandi og erfið og kallar oft á tíðum á þekkingu sem er ekki á allra færi. Atvinnuráðgjafar VR veita aðstoð og ráðgjöf varðandi hin ýmsu mál sem tengjast atvinnuleitinni.

Katrín Magnúsdóttir er atvinnuráðgjafi hjá VR. Hún segir að við upphaf atvinnuleitar þurfi fólk að spyrja nokkurra spurninga: Hvernig kem ég þekkingu minni og færni á framfæri? Hvað hef ég fram að færa? Hvað langar mig að vinna við? Hvernig bý ég mig undir viðtal? Hverjir eru veikleikar mínir og styrkleikar?

„Margir eiga erfitt með að svara þessum spurningum og þá er gott að geta fengið aðstoð við það.“ Katrín heldur áfram: „Við svörum þessum spurningum ekki en við aðstoðum félagsmenn okkar eftir fremsta megni við að svara þeim og getur gott samtali skipt sköpum.“

Katrín er félagsráðgjafi og hefur góða reynslu af samskiptum við fólk, meðal annars á þessu sviði enda vann hún áður hjá Vinnuáráðgjafum og einnig STARFi, sem var tilraunaverkefni á vegum aðila vinnumarkaðarins um þjónustu við atvinnuleitendur. Því verkefni lauk fyrr á þessu ári og í kjölfarið ákvað VR að vera með reynda ráðgjafa sem gætu aðstoðað félagsmenn í atvinnuleit. Katrín segir að sem atvinnuráðgjafi hjá VR hitti hún marga félagsmenn með ólíkar þarfir og að menntun hennar og reynsla nýtist sannarlega vel við að aðstoða þá.

## PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

Atvinnuráðgjafar hjá VR leggja áherslu á persónulega nálgun. „Við lítum þannig á að við eigum gott samtali við félagsmanninn frekar en að við séum að taka við hann formlegt viðtal,“ útskýrir Katrín. „Einnig leggjum við mikið upp úr því að laga þjónustu okkar að hverjum og einum, við erum jú eins ólík og við erum mörg.“ Að sögn Katrínar getur skipt sköpum að byrja atvinnuleit um leið og fólk sér hvað er í deiglunni, um leið og það missir atvinnu eða veit að breytingar eru í aðsigi. Ekki bíða eftir að upp-sagnarfresturinn sé liðinn og atvinnuleysisbætur taki við.


## HVERNIG LÍÐUR MÉR?



„Það er mikilvægt að vera meðvitaður um líðan sína, sérstaklega ef teygist á atvinnuleitinni. Þá skiptir máli að missa ekki móðinn og halda seiglu til að takast á við bakslag og daglegar hindranir, til dæmis þegar þú þarft að bíða lengi eftir svári eða færð nokkur „nei“ í röð.“ Katrín þekkir frá fyrri störfum hversu erfitt getur verið að takast á við slíkt mótlæti. „Að passa upp á andlega líðan skiptir sköpum. Einfaldir hlutir eins og að hafa reglu á svefntíma og stilla klukkuna á morgnana og fara í leikfimi eða út að labba



hafa heilmikla þýðingu. Þá er mikilvægt að hafa eitthvað fyrir stafni og búa sér til tilfínu.“ Ef fólk er lengi án atvinnu getur atgervi og viðhorf breyst og ýmsar tilfinningar gert vart við sig. Sumir fara að efast um sjálfa sig og finna sjálfstraustið minnka. Spurningar geta vaknað, svo sem: Er ég að sækja um réttu störf? Er ég orðinn of gamall? Bý ég yfir nægri reynslu og hæfni? „Óraunhæfar hugmyndir og vantrú á eigin getu geta leitt til neikvæðra tilfinninga sem auðveldlega standa í vegi fyrir árangri. Það er því mikilvægt að einangra sig ekki, halda í trúna á sjálfan sig og leita sér aðstoðar ef þörf krefur. Við erum svo sannarlega til staðar ef þessar tilfinningar gera vart við sig og getum stutt við og gefið góð ráð,“ segir Katrín.

## FYRIRLESTRAR FYRIR FÉLAGSMENN

Nýverið bauð VR atvinnuleitandi félagsmönnum í morgunkaffi og uppbyggjandi fyrirlestur. Vel var mætt og fengum við jákvæð og góð viðbrögð við uppátækinu. Einhverjir höfðu á orði að það væri gott að hitta aðra í svipaðri stöðu yfir kaffibolla í notalegu umhverfi. „Fyrirlesturinn og umræðurnar voru uppbyggjandi og hvetjandi og við erum í skýjunum yfir viðtökunum og viðbrögðunum í framhaldinu. Við fengum meðal annars ummælin: „TAKK, þetta var fræðandi og eitthvað sem ég þurfti að fá áminningu um, einnig fannst mér gott að hitta hóp af frábæru fólki í sömu stöðu og ég!“ Við stefnum á að halda þessu áfram enda er þetta góður vettvangur, meðal annars til að mynda tengsl og blása byr í brjóst,“ segir Katrín að lokum. 



# NÝ HEIMASÍÐA VR!

VR hefur opnað nýja og endurbætta heimasíðu. Nýja heimasíðan er í grundvallaratriðum byggð upp eins og eldri síða félagsins hvað varðar skipulag efnis þó að framsetning sé að mörgu leyti önnur. Nýja heimasíðan er sveigjanlegri og svarar kröfum félagsmanna um gagnvirkni og betra viðmót, m.a. í spjaldtölvum og snjallsímum.

Heimasíðan er sett upp í UBRACO-vefumsjónarkerfi. Vefstofan Sendiráðið hefur unnið með okkur að uppsetningu heimasíðunnar varðandi það sem kemur að hönnun, forritun og vefun. Tilgangur heimasíðunnar er fyrst og fremst að koma upplýsingum áfram til félagsmanna um réttindi þeirra, starfsemi VR og það sem er að gerast hjá félaginu hverju sinni.

## AF HVERJU NÝ HEIMASÍÐA?

Heimasíða VR var orðin barn síns tíma og að mörgu leyti flókin. Við vildum minnka flækjustig fyrir notendur, við höfum einfaldað uppsetningu og dregið úr umfangi efnis. Allt efni er sett upp á skýran hátt og við reynum að auðvelda félagsmönnum að finna það sem þeir leita að.

## MÍNAR SÍÐUR

Á Mínunum síðum lögðum við áherslu á einfaldleika og auknið öryggi fyrir félagsmenn. Innskráning á Mínunum síðum



ÁRDÍS  
BIRGISDÓTTIR  
VEFSTJÓRI VR

fer nú í gegnum Íslykilinn og rafræn skilríki, en við teljum það mikinn kost að félagsmenn okkar geti notað þessar leiðir til að skrá sig inn. Á Mínunum síðum eru rafrænar umsóknir í VR varasjóð og starfsmenntasjóði. Ferlið höfum við sett upp í skýr og skilmerkileg skref sem leiða umsækjendur áfram.

## REIKNIVÉLAR

Á vefnum eru margar reiknivélar sem félagsmenn geta nýtt sér – við höfum sett þær fram á sýnilegan og aðgengilegan hátt á nýju heimasíðunni. Á vefnum geta félagsmenn reiknað út launin sín, orlofs- og desemberuppbót og skoðað þróun launa sinna svo fátt eitt sé nefnt.

Við leggjum áherslu á að halda heimasíðunni bæði lifandi og uppfærðri. Einnig leggjum við mikla áherslu á að koma til móts við þarfir félagsmanna okkar. Ef þú hefur ábendingar eða góð ráð skaltu endilega senda okkur tölvupóst á netfangið [vefstjori@vr.is](mailto:vefstjori@vr.is)

# GAGNKVÆMUR ÁVINNINGUR

VR hefur gerst aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja. VR hefur haft samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í starfsemi sinni, en það felst í hlutverki stéttarféлага að vinna að hagsmunum félagsmanna á breiðum vettvangi, segir formaður VR.

## FYRIRTÆKI AXLI ÁBYRGÐ

„Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og stofnana felst í því að þau axli ábyrgð á þeim áhrifum sem þau hafa á fólk og umhverfið. Samfélagsábyrgð fyrirtækja miðar að jafnvægi þar sem úr verður gagnkvæmur ávinningur fyrir samfélagið og fyrirtækin sjálf,“ segir Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. VR gerðist formlega aðili að Festu um miðjan september.

„Ábyrg félög eru þau sem með markvissum hætti skipuleggja starfsemi sína þannig að þau skaði ekki samfélagið og umhverfið heldur hafi jákvæð áhrif á þróun samfélagsins. Samfélagsábyrgð er þannig regnhlífarhugtak sem nær yfir umhverfismál, s.s. notkun auðlinda, mengun og minnkun úrgangs, en einnig samfélagsmál eins og jafnrétti á vinnustað, virðingu fyrir mannréttindum, ábyrgð gagnvart nágrönnum fyrirtækjanna og nærsamfélagi, og öruggar vörur og sanngjarna viðskiptahætti,“ segir Ketill.

## AUKIN ÁHERSLA Á SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ

Festa hefur tvö skýr markmið, segir Ketill. Annars vegar að auka vitund og þekkingu almennings um samfélagsábyrgð og hins vegar að stýðja við fyrirtæki og stofnanir sem vilja innleiða ábyrga starfshætti. Ketill bendir á að grunnurinn að rekstri fyrirtækja sé samkomulag eða þjóðfélagsáttmáli sem geri það mögulegt að stofna fyrirtæki og fá ýmis réttindi því tengd, en að sama skapi taka á sig ýmsar skyldur. „Réttindin felast m.a. í að geta nýtt sér sameiginlegar auðlindir og grunnstöðir samfélagsins, s.s. samgöngukerfi, réttarfar, orku og, í tilfelli hlutaféлага, takmarkaða ábyrgð. Það má því segja að í grunninn byggjum við á þeirri hugmynd að öll fyrirtæki þurfi að sýna ákveðna lágmarksábyrgð gagnvart samfélaginu.“ Hugmyndafræði samfélagsábyrgðar gangi út á að fyrirtæki rækti þessa ábyrgð sína vel og skapi þannig meiri sátt um starfsemi.

## Í HVERJU FELST SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ VR?

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir aðild félagsins að Festu til marks um þá áherslu sem VR leggja á samfélagslega ábyrgð sína. Sem stærsta stéttarfélag landsins beri VR að sýna gott fordæmi. Aðild að Festu geri félaginu kleift að vinna betur og markvissar að samfélagslegri ábyrgð sinni og skerpi á þeim verkefnum sem félagið vinni að. „Mælikvarðar starfsemi félagsins eru mun fleiri en bara rekstrarlegar niðurstöður þess,“ segir Ólafía. „Hlutverk stéttarféлага er í eðli sínu samfélagslegt, hagsmunabaráttu félagsins er skýrt dæmi um það. Hún felur í sér samvinnu við önnur félög en



Á myndinni má sjá Ólafíu B. Rafnsdóttur, formann VR, og Ketil Berg Magnússon, framkvæmdastjóra Festu, handsala samkomulag um aðild VR að Festu.

einnig að fylgjast með þróun efnahagsmála innanlands og utan, fylgjast með þróun kjaramála, veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald og tryggja að rödd VR heyrst í þjóðfélagslegri umræðu. Allt miðar þetta að auknum kaupmætti og styrkari stöðu launafólks, sem og sterkara atvinnulífi. Það fylgir því ábyrgð að taka þátt í og leiða hagsmunabaráttu tugþúsunda launamanna á vinnumarkaði, ávinningurinn af því að vinna slíkt á grunni samfélagslegrar ábyrgðar er allra.“ Jafnréttismálin eru ein helsta áherslan í starfsemi VR, segir Ólafía, og er Jafnlaunavottun VR sýnilegasta dæmi ávinnings þeirrararáttu félagsins.

„Jafnrétti er afar brýnt samfélagslegt verkefni sem félagið hefur leitt árum saman. Þá má líka nefna VR-Skóla lífsins þar sem áhersla er lögð á að undirbúa ungt fólk fyrir vinnumarkaðinn. Þessi tvö verkefni eru ekki einskorðuð við félagsmenn VR heldur ná til samfélagsins í heild sinni og eru mikilvægur þáttur í samfélagslegri ábyrgð VR.“ VR starfar samkvæmt skráðum og samþykktum stefnum á mörgum sviðum, s.s. á sviði jafnréttis- og menntamála, umhverfis-, skjalavistunar- og öryggismála svo fátt eitt sé nefnt. Ávinningur samfélagslegrar ábyrgðar er þannig ekki einungis í starfsemi félagsins eins og hún snýr að verndun réttinda félagsmanna heldur einnig í grunnrekstri félagsins.

## GAGNKVÆMUR ÁVINNINGUR SAMFÉLAGSLEGRAR ÁBYRGÐAR

Ketill bendir á að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja feli í sér gagnkvæman ávinning. „Hugmyndafræði samfélagsábyrgðar gengur út á að fyrirtæki rækti þessa ábyrgð sína vel og skapi þannig meiri sátt um starfsemi sína. Það skilar ávinningi fyrir samfélagið og um leið geta fyrirtækin aukið hagkvæmni sína, t.d. með því að minnka sóun í umhverfismálum, skapa árangursríkari teymi með jafnréttissjónarmiðum eða þróa nýjar vörur og þjónustu sem mætir þörfum markaðarins um aukið traust, virðingu og gagnsæi. Framsækin fyrirtæki úti um allan heim hafa kveikt á perunni og séð að ef samfélagsábyrgð er vel sinnt leiðir hún til betri reksturs.“ <sup>VR</sup>

# ÁHUGAVERÐIR HÁDEGIS- FYRIRLESTRAR VR

Félagsmönnum VR býðst að koma reglulega á skemmtilega og í senn fróðlega hádegisfyrirlestra. Fyrirlestrarir hafa verið mjög vel sóttir undanfarin misseri, alltaf fullt hús og færri komast að en vilja. Hádegisfyrirlestrarir eru haldnir í sal VR í Húsi verslunarinnar, en þeir félagsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á fyrirlestrana á skrifstofum VR á Egilsstöðum, Akranesi og í Vestmannaeyjum í gegnum fjarfundabúnað. Mundu eftir að skrá þig – skráning fer fram á [www.vr.is](http://www.vr.is)



**21. JANÚAR KL. 12.00-13.00**

LÍKAMSSTAÐA  
OG LÍKAMSBEITING Í STARFI

**Fyrirlesarar:** Sigurlaug Mjöll Jónasdóttir og Arnar Már Kristjánsson, sjúkraþjálfarar hjá Bata sjúkraþjálfun




Erindið fjallar um líkamsstöðu og líkamsbeitingu í starfi. Hvernig hægt er að fyrirbyggja óæskilegt álag á stoðkerfið og minnka líkur á algengum stoðkerfiskvillum s.s. vöðvabólgu, spennuhöfuðverk og mjóðbaksverkjum.



**11. FEBRÚAR KL. 12.00-13.00**  
SKILVIRK VÖRUFAMSETNING  
OG GRÍPANDI ÚTSTILLINGAR

**Fyrirlesari:** Guðrún Dagmar Haraldsdóttir, útstillingahönnuður

Fyrirlestur um helstu áhersluatriði í útstillingum og skilvirkri vöruframsetningu. Vel útfærð vöruuppröðun er mjög þýðingarmikill þáttur í söluferli vörunnar. Farið er yfir hugmyndafræði og atferlisrannsóknir sem standa á bak við markvissa framsetningu á söluvöru.



**28. APRÍL KL. 12.00-13.00**

SUMARTÓNLEIKAR VR MEÐ JÓGVAN HANSEN OG VIGNI SNÆ VIGFÚSSYNI

Við ætlum að fagna sumarkomu með þeim Jógvani og Vigni. Þeir hafa sett saman skemmtilega sumardagskrá fyrir okkur sem mun koma okkur öllum í gott sumarskap. **Eins og áður er takmarkað sætaframboð og því gott að skrá sig tímanlega.**



**25. FEBRÚAR KL. 12.00-13.00**

LANGAR ÞIG TIL AÐ VERA JÁKVÆÐARI  
OG GLAÐARI?

**Fyrirlesari:** Ragnhildur Vigfúsdóttir markþjálfari með diplóma í jákvæðri sálfræði frá EHÍ

Viltu fá hugmyndir um hvað þú getur gert til að auka hamingju og vellíðan þína? Fjallað er um það sem gerir fólki, hópum og stofnunum kleift að blómstra í daglegu lífi. Jákvæð sálfræði snýst um að einblína á það jákvæða.



**10. MARS KL. 12.00-13.00**

SIDEKICK HEALTH: LEIKJAVÆDD  
HEILSUEFLING FYRIR FYRIRTÆKI

**Fyrirlesari:** Tryggvi Þorgeirsson læknir og lýðheilsufræðingur

Kynnt verður nýstárleg fyrirtækjalausn, Sidekick Health, sem meðal annars inniheldur heilsuleik fyrir snjallsíma og keppnir milli starfsmanna. Leikurinn er þegar kominn í notkun hjá fyrirtækjum hér á landi til að gera heilsueflandi æfingar.



**31. MARS KL. 12.00-13.00**

JÁKVÆÐ SAMSKIPTI FORELDRA  
OG BARNA

**Fyrirlesari:** Páll Ólafsson félagsráðgjafi

Fyrirlestur um mikilvægi þess að eiga góð samskipti við börnin sín. Páll ræðir um það hvernig við eigum að tala við börn og hlusta á börn, hvernig við getum forðast að festast í "tuðinu" og almennt um það hvernig við eigum í góðum samskiptum við hvert annað. Páll lofar liflegum og skemmtilegum fyrirlestri og umræðum.



**14. APRÍL KL. 12.00-13.00**

NÝSKÖPUN  
OG HÓPFJÁRMÖGNUN

**Fyrirlesari:** Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Karolina Fund

Farið verður yfir hvernig ferlið virkar og hvers konar verkefnið heimasíðan virkar best fyrir. Auk þess verður farið yfir nýjar leiðir sem Karolina Fund hefur verið að þróa, til þess að sækja sér fjármögnun með fjölbreyttari hætti en þekkt hefur hér á landi.





# AFSLÁTTUR FYRIR FÉLAGSMENN VR

Félagsmenn VR fá afslátt hjá ýmsum fyrirtækjum í gegnum orlofsvefinn Frímenn. Það eina sem þarf að gera er að fara á orlofsvef VR og prenta út staðfestingu á félagsaðild. Athugið að afsláttarkjörin gilda ekki með öðrum tilboðum. **Taka þarf fram að um Frímenn afslátt sé að ræða og framvísa staðfestingu á félagsaðild.** Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau fyrirtæki sem veita félagsmönnum afslátt.

## Aðalsendibílar 15%

Víkurhvarfi 2, 203 Kópavogi  
15% afsláttur.

## Aðalskoðun 10%

Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði  
10% afsláttur af almennum skoðunum.

## Afreksvörur 15%

Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
15% afsláttur.

## Arctic Adventures/Rafting 20%

Laugavegur 11, 101 Reykjavík  
20% afsláttur af River Fun dagsferð í Hvítá.

## B. Jensen ehf. verslun 10%

Lóni, 601 Akureyri  
10% afsláttur af öllum vörum í verslun.

## Barðinn 12%

Skútuvogi 2, 104 Reykjavík  
12% afsláttur.

## Barnavörur 10%

Hverafold 92, 112 Reykjavík  
10% afsláttur af þegar verið er að versla vörur í gegnum vefsíðu. Slá þarf inn afsláttarkóðann "Frímenn" í greiðsluferlinu til að virkja afsláttinn.

## Bílaleiga Akureyrar 10%

Skeifan 9, 108 Reykjavík  
10% afsláttur af vefverðum og tilboðum á heimasíðu. Gildir hjá útibúum um land allt.

## Bílaleiga Hertz 10%

Flugvallarvegur 5, 101 Reykjavík  
10% afslátt af bílaleigubílum (bílum með standard 100 km inniföldum). Afsláttanúmerið er: Frímenn.

## Bílvogur 10%

Auðbrekka 17, 200 Kópavogur  
10% afsláttur af efni, smurvinnu, bremsuviðgerður nýjum sumar- og vetrardekkjum.

## Blómabúðin Dalía 10%

Álfheimar 74, 104 Reykjavík  
10% afsláttur.

## Boð fyrir tvo 10%

Laugavegur 96, 101 Reykjavík  
10% afsláttur.

## Bónstöð Hafnarfjarðar 10%

Fjarðargata 13, 200 Hafnarfjörður  
10% afsláttur af bóni.

## Bónstöðin Borgartúni 10%

Borgartún 21, 105 Reykjavík  
10% afsláttur af bóni.

## Bónstöðin hjá Jobba 10%

Skeifan 17, 108 Reykjavík  
10% afsláttur af bóni.

## Curvy.is 5%

Fákafen 9, 108 Reykjavík  
5% afsláttur í verslun að Fákafeni 9. Afsláttur gildir ekki ef verslað er í vefverslun.

## Dansskóli Jóns Péturs og Köru 5%

Valsheimilið við Hlíðarendu, 101 Reykjavík  
5% afslátt af einu námskeiði á hverri önn. Hægt verður að nota kortið fyrir námskeið fyrir þör eða börn korthafa.

## Dekkjahöllin 10-15%

Skeifan 5, 108 Reykjavík  
15% af dekkjum, 10% af vinnu við smur og dekk gegn staðgreiðslu á öllum stöðvum.

## Einar Farestveit 5%

Borgartún 28, 105 Reykjavík  
5% afsláttur. Eins og fætur toga 20-30% – Bæjarlind 4. 30% afsláttur af allri þjónustu og 20% afsláttur af vörum.

## Elding 15%

Ægisgarður 5, 101 Reykjavík  
15% afsláttur af hvalaskoðun.

## Ég C gleraugnaverslun 12%

Hamraborg 10, 200 Kópavogur  
12% afsláttur.

## Fákasel 2 fyrir 1

Ingólfshevoli, 816 Ölfus  
2 fyrir1 á stóru sýninguna Legends of Sleipnir – Hestaleikhús. Sýningarnar eru alla daga vikunnar kl. 19.00.

## Fjallakofinn 10%

Laugavegur 11, 101 Reykjavík  
10% staðgreiðsluafsláttur í verslunum Fjallakofans. Eftirfarandi vörur eru undanskýldar afslætti: GoPro, Pieps snjófljóðáylar, GoalZero og landakort.

## Fjallsárlón siglingar 20%

Fjallsárlón, 781 Höfn í Hornafirði  
20% af öllum ferðum.

## Fjórhlólaævintýri ehf. 20%

Hamraborg 10, 200 Kópavogur  
20% afsláttur af öllum ferðum.

## Frumherji 15%

Hesthals 6-8, 110 Reykjavík  
15% afsláttur af aðalskoðun.

## G.Á.P 10%

Faxafeni 7, 108 Reykjavík  
10% afsláttur.

## Gilbert úrsmiður 5-12%

Laugavegur 62, 101 Reykjavík  
12% staðgreiðsluafsláttur og 5% ef greitt er með kreditkort (gildir ekki af íslenski framleiðslu).

## Glóey 10%

Ármúli 19, 108 Reykjavík  
10% afsláttur.

## Grillbúðin 5%

Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur  
5% afsláttur.

## Hár- og snyrtistofan Salon Ritz 15%

Þverholti 18, 105 Reykjavík  
15% afsláttur hjá Pálinu. 15% afsláttur af öllum meðferðum að undanskildri nagláasettingu.

## Heimilistæki 5%

Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík  
5% afsláttur.

## Hress tilboð

Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði  
Árskort á 59.990 kr. Vínaklúbbur 5.290 kr á mán. í 12 mán.

## Hreyfing 1 mánuðurinn frír

Álfheimar 74, 104 Reykjavík  
Fyrsti mánuðurinn frír fyrir nýja meðlimi gegn 12 eða 24 mánaða samning.

## iStore 4-10%

Kringlan, 103 Reykjavík  
4% afsláttur af tölvum og 10% afsláttur af fylgihlutum.





**Íshestar 25%**

Sörlaskeiði 26, 221 Hafnarfirði  
25% afsláttur af Hraunferð D02.

**Karlmenn 10%**

Laugavegur 7, 101 Reykjavík  
10% afsláttur.

**Keilan Akureyri 20%**

Hafnarstræti 26, 600 Akureyri  
20% afsláttur.

**Nepalskur Veitingastaður 25%**

Laugavegur 60A, 101 Reykjavík  
25% afsláttur.

**Klettur 12%**

Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík  
12% staðgreiðslu afsláttur af smur- og dekkjaþjónustu.

**Laugarvatn Fontana 2 fyrir 1**

Hverabraut 1, 840 Laugarvatni  
2 fyrir 1. Ókeypís fyrir börn 12 ára og yngri.

**Lín Design 15%**

Laugavegi 176, 105 Reykjavík  
15% afsláttur af vörum okkar í verslun.

**Loppulíf 5-10%**

Drangahrauni 4, 220 Hafnarfirði  
10% afsláttur af snyrtingum og 5% afsláttur af öllu í verslun.  
50% afsláttur af baði, blæstri og naglaklippingu alla fimmtudaga.

**Löður 12%**

Fiskislóð 29, 101 Reykjavík  
12% afsláttur af svampurstastöðinni á Fiskislóð.

**Meinvarnir ehf. meindýraeyðir 20%**

Arnarási 6, 210 Garðabæ  
20% afsláttur af vinnu við meindýraeyðingu.

**Olís og ÓB -7 kr afsláttur**

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Viðkomandi þarf að sækja um ÓB lykíl með kennitölu og hópaoði.

**Ólavía og Oliver 10%**

Álfheimar 74, 104 Reykjavík  
10% staðgreiðsluafsláttur og 5% afsláttur ef greitt er með kreditkort.

**Rakarastofan Effect 10%**

Bergstaðastræti 13, 101 Reykjavík  
10% afsláttur.

**Rauða húsið veitingahús 10%**

Búðarstíg 4, 820 Eyrarbakka  
10% afsláttur.

**Red chili 10%**

Laugavegur 176, 105 Reykjavík  
10% afsláttur af matseðli.

**Reykjavík Foto 5-10%**

Laugavegur 51, 101 Reykjavík  
5%-10% afsláttur.

**Shape 10%**

Funahöfði 7, 110 Reykjavík  
10% af shape pakka að eigin vali.

**Skemmtigarðurinn 2 fyrir 1**

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi  
2 fyrir 1 í minigolf á sumrin.

**Slökkvitækjaþjónustan 10%**

Bakkabraut 16, 200 Kópavogi  
10% afsláttur.

**Snóker- og Poolstofan klúbbafsláttur**

Lágmúla 5, 108 Reykjavík  
Félagsmenn fá sömu kjör og klúbbmeðlimir.

**Tjaldsvæðið Brautarholti 10%**

Brautarholti, 801 Selfossi  
10% afsláttur af gistiþjónustu. Athugið að rafmagn er ekki innifalið á tjaldsvæði.

**Sólning 12%**

Smiðjuvegi 68-72, 200 Kópavogi  
12% afsláttur.

**Stilling 5-15%**

Kletthálsi 5, 110 Reykjavík  
15% staðgreiðsluafsláttur, 5% afsláttur ef greitt er með kreditkort, af vinnu.

**Stóra-Ásgeirsá, Húsdýragarður 10-20%**

Stóru-Ásgeirsá, 531 Hvammstanga  
20% afsláttur af aðgangseyri í húsdýragarð og 10% afsláttur af hestaleigu.

**Tengi 7%**

Smiðjuvegur 76, 200 Kópavogi  
7% afsláttur.

**Tékkland 15%**

Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
15% afsláttur af aðalskoðun fyrir öll ökutæki.

**Úr & Gull 15%**

Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði  
15% staðgreiðsluafsláttur, 10% afsláttur ef greitt er með kreditkort.

**Útílífsmiðstöð Skáta Úlfjótuvatni tilboð**

Úlfjótuvatni, 801 Selfossi  
1.200 kr. nótt á tjaldsvæði fyrir korthafa. Frítt fyrir 16 ára og yngri.

**Veggsport 10-20%**

Stórhöfða 17, 110 Reykjavík  
10% afsláttur af verðskrá og 20% afsláttur af árskortum.

**Verkfærásalan 10-25%**

Síðumúla 11, 108 Reykjavík  
25% afsláttur af rekstrarvörum, 20% afsláttur af handverkfærum og 10% afsláttur af rafmagnsverkfærum.

**Veitingastaðurinn Við Pollinn 10%**

Silfurtorgi 2, 400 Ísafirði  
10% afsláttur af veitingum (ekki áfengi).

**Vogue fyrir heimilið 5-10%**

Mörkinni 4, 108 Reykjavík  
10% staðgreiðsluafsláttur og 5% með kreditkort.

**World Class 20%**

Reykjavík  
2 fyrir 1 í baðstofu og 20% afsláttur af 3 mánaða kortum.

**X-prent 20-30%**

Sundaborg 1, 105 Reykjavík  
20% afsláttur af striga- og ljósmyndaprentun 30% afsláttur af sandblástursfilmum og 1.000 kr afsláttur af öllum áprentuðum símahulstrum.

**Zo-On 5%**

Bankastræti 10, 101 Reykjavík  
5% afsláttur í öllum verslunum ZO-ON Iceland.

**Örninn Golfverslun 5-7%**


Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík  
5% afsláttur af golfsettum og 7% afsláttur af öllum öðrum vörum.

**Örninn Reiðhjólaverslun 5-7%**

Faxafeni 8, 108 Reykjavík  
5% afsláttur af hjólum og 7% afsláttur af fylgihlutum.



# KROSSGÁTAN

	Fristundar kross- gátur ©	BEIDNI	ÆXL- UNAR- KORN	GÆGJ- AST	HREYF- ING		MÖL- BRJÖTUR	FÍFL	KUSK	HASAR	VÖRP- UNNI	TAD
	ÞRÁI					SKOTTS- INS	1					
	BYGGING					LYFJA- VERSLUN						
	KLASTUR				KLAFI				FRASI	FYRIR GOLFKÜLU		
		VEITIR				ADHLÁT- URSEFNI			ROF		2	
	LÍTIL- VERÐS TIL HVADA STAÐAR	BUGT						HRYÐJ- UNNI				
					FARINN A FARAR- TÆKI							
					HÚÐA							
MEL- RAKKI	4				FANN ÞYNGD						RIDID	ERNINA
SLÆMS					FYRIR- LESTUR				AFURÐIR			
					ESPA				BÖK- STAFINA			
DISKANT LYKILL		LOKAÐUR				HUGAR- ÆFING			SAMDIR		6	
		BORGARI							KVIK- MYNDA- HÚS			
TRADKA A						BERG- MALI		TÖF			MILLIÁTT SK.ST.	
						STRÖND		LINI			HRADA- SKIPTING	
MJÓLK- UR- TEGUND			TRALL- HLJÓÐ Í SÖNG		NAFN KONU			FORNAFN			ÁFENGI	
			SK.ST. EININGAR		BÖK- STAFS			ÞÉTTI- EFNI			NES- ODDA	
HRUNIN BYGGING					HRESS		NÖGL			ALGENGA		
					STINGUR		STRAX			VALDA FYRIR- HÖFN		
SPILA- SORT	8			RÍKI Í EVROPU					HALLÆRI		3	KARL- FUGLINN
				LAUFTRÉ					ÁREITI			SAUR
TÖFLU- TEGUND		HRÓPA				LYKTIR				7	ÞRÖNG	
		FRÝJA				VÖNDUR					BREYTT	
ATHUGA			FIS- AGNAR		5		TRITLA				SKIP NÓA	
			LJÓSKER				ÞJALA				BRÍKUR	
HÁRS			9			SNÆFOKI			LJÓS- LESA			
						FLÍK			MÁNUÐ			
BLAÐUR					TRUFLI			MÓLENDIÐ				
					SK.ST. SJUK- DOMS			SK.ST. ÚT- SKYRINGAR				
	GLÆTA					FYRIR- FERÐ				OP		
	SAURG- AST					GEISLA- VIRKUR MÁLMUR		10		STÓ		11



## VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Sólskin“

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er **Helgi Þór Þórsson**. Helgi er giftur og á þrjú börn. Hann hefur starfað hjá Würth á Íslandi síðan 2003 og verið pylsusali í hjáverkum á Bæjarinis Beztu síðan um 2000-2001. Helgi er mikill íþróttáhugamaður og þá sérstaklega mikill áhugamaður um fótbolta og þar er Liverpool hans lið. Helga finnst gaman að fara til útlanda en gerir allt of lítið af því. Hann gerir sárásjaldan krossgátur og sendir úrlausnir nánast aldrei inn. En heppnin var með honum í þetta sinn og því mun hann örugglega senda aftur inn.

Lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðið „krossgáta“ utan á umslagjö.

**Skilafrestur er til 10. febrúar 2016.** Utanaskriftin er: **VR blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á [krossgata@vr.is](mailto:krossgata@vr.is)



# TRÚNAÐARRÁÐ VR

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar VR 82 fulltrúar, kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn, alls 100 fulltrúar. Formaður VR er jafnframt formaður trúnaðarráðs. Hlutverk trúnaðarráðs er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins. Gerð kjarasamninga fellur þar undir og er því í höndum trúnaðarráðs að vera stjórn ráðgefandi við gerð kjarasamninga. Trúnaðarráð fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári eða oftar ef þörf er á. Hér að neðan er listi yfir trúnaðarráð VR í stafrófsröð.

## Aðalheiður Signý Óladóttir

Ólíuverzlun Íslands hf.

## Alda Særún Guðbjörnsdóttir

Rekstrarvörur ehf.

## Alexander Þórsön

Þ. Þórgímsson & Co ehf.

## Andri Þór Kristinsson

PricewaterhouseCoopers ehf.

## Anna Karlsdóttir

Gullberg ehf.

## Anna Þórðardóttir Bachmann

Hreint ehf.

## Ágúst Halldórsson

N1 hf.

## Ágústa Harðardóttir

Johan Rönning hf.

## Áslaug Alexandersdóttir

Byko ehf.

## Ásta Rut Jónasdóttir

Actavis Group PTC ehf.

## Ásta Sigrún Gunnarsdóttir

VR

## Benedikt Geirsson

Ístak hf.

## Benóný Valur Jakobsson

Sjóklæðagerðin hf.

## Bergþóra Eiðsdóttir

Íþróttafélag Reykjavíkur

## Birgir Már Guðmundsson

SORPA bs.

## Birgitta Ragnarsdóttir

Bolasmíðjan ehf.

## Bjarni Þór Sigurðsson

365 miðlar hf.

## Björgvin Ingason

Hópbílar Kynnisferða ehf.

## Björn Axel Jónsson

Hagkaup

## Dóra Magnúsdóttir

Evrópska upplýsingafélagið

## Edda Svandís Einarsdóttir

Flugfélagið Atlanta ehf.

## Elías Guðmundur Magnússon

VR

## Elva Hrönn Hjartardóttir

Actavis Group PTC ehf.

## Eygló Friðriksdóttir

Eskja hf.

## Eyrún Ingadóttir

Lögfræðingafélag Íslands

## Georg Rúnar Ögmundsson

VR

## Gísli Kristján Gunnsteinsson

Rúmfatalagerinn ehf.

## Guðjón Steinarsson

Gámaþjónustan hf.

## Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir

Hagkaup

## Guðmundur J. Jónsson

Borgun hf.

## Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Vörður tryggingar hf.

## Guðrún Indriðadóttir

Cabin ehf.

## Guðrún Jóna Valgeirsdóttir

Icepharma hf.

## Guðrún María Jóhannsdóttir

Norðfjarðarsókn

## Guðrún Þórsdóttir

Guðmundur Jónasson ehf.

## Gunnar Böðvarsson

## Gunnar Heiðberg Gestsson

Húsasmíðjan ehf.

## Hafdís Bára Bjarnadóttir

Kaupás ehf.

## Hafdís Erla Kristinsdóttir

Icelandair ehf.

## Halldór Halldórsson

Bókhald og Uppgjör ehf.

## Halldóra M. Steinarsdóttir

Norvik hf.

## Harpa Sævarsdóttir

Íshestar ehf.

## Helena Jónsdóttir

Kaupás ehf.

## Helga Bryndís Jónsdóttir

Bryggjutorg ehf.

## Helga Ingólfssdóttir

Kjarnavörur hf.

## Hildur Mósesdóttir

Stjarnan ehf.

## Hjördís Garðarsdóttir

Neyðarlínan ehf.

## Hjördís Jónsdóttir

Samband íslenskra námsmanna erl.

## Ingi Guðmundur Ingason

Efla hf.

## Ingibjörg H. Hjartardóttir

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

## Ingibjörg Kristín Barðadóttir

Norðurál ehf.

## Ingibjörg Óðinsdóttir

Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs

## Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Verkfræðingafélag Íslands

## Ingimar Þorsteinsson

Marel Iceland ehf.

## Jóhann Bjarni Knútsson

Guðmundur Arason ehf.

## Jóhann Már Sigurbjörnsson

Bændasamtök Íslands

## Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir

Ölgerðin Egill Skallagríms ehf.

## Jóhannes Már Sigurðarson

## Jón Guðmundur Björgvinsson

Nýherji hf.

## Jón Hrafn Guðjónsson

Flügger ehf.

## Jóna Matthildur Jónsdóttir

ISS Ísland ehf.

## Júlíana Pálsdóttir

Sameignarfélag Ölfusborga

## Kristinn Örn Jóhannesson

Primera Air Scandin, útibú á Íslandi

## Kristín María Björnsdóttir

VR

## Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Egilsson ehf.

## Kristófer Jónsson

Mjöll-Frigg ehf.

## Linda Rós Reynisdóttir

Vátryggingafélag Íslands hf.

## Magnús Þorsteinsson

Íslandsspil sf.

## Nína Kristbjörg Hjaltadóttir

Penninn ehf.

## Ólafía B. Rafnsdóttir

VR

## Ólafur Reimar Gunnarsson

Ernst & Young ehf.

## Óskar Guðmundsson

Samskip hf.

## Óskar Kristjánsson

Vátryggingafélag Íslands hf.

## Páll Örn Lindal

N1 hf.

## Pálmi Viðar Harðarson

Húsasmíðjan ehf.

## Petrína Ragna Pétursdóttir

Okkar bakarí ehf.

## Ragnar Borgþórsson

Hekla hf.

## Ragnar Orri Benediktsson

Ríkisútvarpið ohf.

## Ragnar Þór Ingólfsson

Örninn Hjól ehf.

## Rannveig Sigurðardóttir

LAG-Lögmenn sf.

## Selma Björk Grétarsdóttir

Flugfélagið Atlanta ehf.

## Sesselja Jónsdóttir

Tiger Ísland hf.

## Sigmundur Halldórsson

Síminn hf.

## Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir

Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf.

## Sigríður Guðný Helgadóttir

Kaupás ehf.

## Sigrún Guðmundsdóttir

Miklartorg hf.

## Sigurbjörg Þorláksdóttir

Eignaumsjón hf.

## Sigurður Sigfússon

N1 hf.

## Snjólaug Einarsdóttir

Byko ehf.

## Soffía Óladóttir

Egilsson ehf.

## Stefán Árni Stefánsson

Advania hf.

## Stefán Viðar Egilsson

Tengi ehf.

## Steinar Viktorsson

Grillbúðin ehf.

## Steinþór Ásgeirsson

Kortabjónustan hf.

## Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

365 miðlar hf.

## Sveinbjörn F. Pétursson

Ormsön ehf.

## Trausti Guðmundsson

Advania hf.

## Unnur Elva Arnardóttir

Síminn hf.

## Valva Árnadóttir

Penninn ehf.

## Viðar Kristinsson

Naust Marine ehf.

## Þorbjörg Halla Harðardóttir

Bílaumboðið Askja ehf.

## Þorgerður Jóhannsdóttir

Samfylkingin

## Þorlákur Jóhannsson

Guðmundur Arason ehf.

## Þorsteinn Þorólfsson

Húsasmíðjan ehf.

## Þóra Guðbjörg Hallsdóttir

Eir – hjúkrunarheimili

## Þóra Kristín Halldórsdóttir

DHL Express Iceland ehf.

## Þóra Skúladóttir Öfjörð

Vörubílastöðin Þróttur hf.

## Þórður Mar Sigurðsson

Samskipti ehf.

## Þórhildur Ragna Karlsdóttir

Húsasmíðjan ehf.

## Þröstur Ríkarðsson

Ásbjörn Ólafsson ehf.



**Virðing, réttlæti og gleðilega hátíð!**